



## Aftur í nám

Viðhorf fullorðinna námsmanna til náms hjá  
þekkingarsetrinu Nýheimum á Höfn í Hornafirði

Guðrún Þ. Björnsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs  
Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



**Aftur í nám**  
***Viðhorf fullorðinna námsmanna til náms***  
***hjá þekkingarsetrinu Nýheimum á***  
***Höfn í Hornafirði***

Guðrún Þ. Björnsdóttir

Lokaverkefni til M. ED. prófs í stjórnunarfræði menntastofnana

Leiðbeinandi: Ólafur H. Jóhannsson

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2014

Aftur í nám

Viðhorf fullorðinna námsmanna til náms hjá þekkingarsetrinu Nýheimum  
á Höfn í Hornafirði

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs við uppeldis- og  
menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2014 Guðrún Þ. Björnsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent ehf.

Reykjavík, Ísland 2014.

## Formáli

Þessi rannsókn er til fullnaðar M.Ed. gráðu í menntunarfræðum með áherslu á menntastjórnun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Vægi rannsóknarinnar er 30 ECTS einingar.

Rannsóknin ber heitið Aftur í nám - Viðhorf fullorðinna námsmanna til náms hjá þekkingarsetrinu Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Rannsóknin var unnin árið 2013. Leiðbeinandi minn var Ólafur H. Jóhannsson, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann fær bestu þakkir fyrir stuðning og góð ráð við vinnu rannsóknar og skrifa. Sérfræðingur var Børkur Hansen, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ég þakka honum einnig góðar ábendingar.

Ég vil sérstaklega þakka viðmælendum mínum fyrir góðar samræður og framlag þeirra til rannsóknarinnar. Stjórnendum og skipuleggjendum fræðslu í þekkingarsetrinu Nýheimum á Höfn í Hornafirði vil ég þakka fyrir góðar upplýsingar og samræður um nám í sveitarfélaginu.

Fjölskylda mín fær bestu þakkir fyrir stuðning og hvatningu. Björn, Bjarki og Nanna Hlín, fyrir heimspekilegar vangaveltur um nám. Sigrún Garðarsdóttir fyrir yfirlestur og Þorsteinn Barðason fyrir aðstoð við uppsetningu og frágang ritgerðar.



## Ágrip

Samstarf stjórnenda og fagfólks menntastofnana hefur á undanförunum árum verið í umræðu innan faglegra lærdómssamfélaga. Í litlum samfélögum er mikilvægt að mannauður innan þess geti nýst fleiri stofnunum til góðs. Frumkvöðlastarf, rannsóknir, menntun og menning innan þekkingarseturs getur haft þau áhrif hvert á annað að þar verði til lærdómsmenning sem hvetur til náms.

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna upplifun fullorðinna nemenda sem stundað hafa nám eða nýtt sér aðstöðu til náms hjá menntastofnunum þekkingarsetursins Nýheima á Höfn í Hornafirði. Þær stofnanir sem koma að samstarfinu og rannsóknin beindist að eru Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu, Þekkingarnet Austurlands (nú Austurbrú) og Háskólinn á Akureyri. Rannsókninni er ætlað að komast að því hvaða skoðanir þátttakendur hafa á framboði til náms, náms- og starfsráðgjafar, samstarfi menntastofnananna og hverjar hugmyndir þeirra eru um hvað mætti betur fara í skipulagi námsins til þess að fullorðnir nemendur, sem hættu námi eftir grunnskóla, hefji aftur nám. Má gera betur til að hjálpa fullorðnum nemendum sem vilja ljúka formlegri menntun? Getur samstarf stofnana stuðlað að því að nemendur ljúki námi?

Rannsóknin leiddi í ljós að allir þátttakendur töldu að nám og aðstaða til náms, sem skipulagt hafði verið í heimabyggð, skipti sköpum. Annars vegar um að þeir hófu nám aftur og hins vegar að geta nýtt sér aðstöðu innan þekkingarsetursins til þess að vinna að og ljúka námi. Ráðgjöf og hvatning hafði einnig mikil áhrif á það að nemendur héldu áfram og luku námi.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa stjórnendum námsins vísbendingar um hvernig þeir geti veitt nemendum sínum betri þjónustu og ráðgjöf. Rannsóknin byggir á eigindlegu rannsóknarsniði og gagnaöflun hófst á vorönn 2013. Rætt var við átta nemendur sem voru í námi, höfðu lokið námi, hætt því eða nýtt sér húsakynni hjá menntastofnunum Nýheima.

Af niðurstöðum rannsóknarinnar er hægt að draga þá ályktun að samstarf menntastofnana sem koma að skipulagi náms hjá Nýheimum hafi heppnast.





## **Abstract**

### **Back to school**

Cooperation of professional learning communities and system leadership has been a topic in the educational discussions for some time. It is especially important for smaller communities to work together to take advantage of the human resource of the educational professional for the benefit of all the educational institutions. Innovation, research, culture and education within one institution can support the education for the benefit of the students who come back to school and finish their studies.

The aim of the research was to explore the cooperation of the learning professionals in the cultural house Nýheimar Höfn í Hornafirði from the view of the adult students who have used the facilities. The institutions which are a part of the research are the junior college Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Þekkingarnet Austurlands (now Austurbrú) and the University of Akureyri. The goal was to find out the views the participants have on the study programs, the counseling and the support in the educational institutions, the ideas they have about how it can be organized so that more adult students come back to study after dropping out of secondary school and finish their formal education.

The research findings can give the organizers of the study programs information how to do better in both the counseling and support. The data was gathered by qualitative methods early in the year 2013. The eight students interviewed had all studied in the formal program and used the facilities offered and got guidance counseling. They had already finished their program or were still in the program and one had dropped out.

The results show that the students all agree that the opportunity to be able study and finish their education in their local community is crucial to their decision to go back to school. Guidance counseling and incentives were also important for the students' continued involvement in the program.



## Efnisyfirlit

Formáli .....	3
Ágrip.....	5
Abstract.....	7
Efnisyfirlit .....	9
1 Inngangur.....	11
2 Nýheimar .....	15
2.1 Þekkingarsetrið.....	15
2.2 Þekkingarnetið - Stuðningskerfi – Tenging við háskólanám.....	16
2.3 Framhaldsskólinn – Nám í heimabyggð .....	20
2.4 Samstarf stofnana.....	21
3 Fræðilegur bakgrunnur .....	23
3.1 Faglegt lærdómssamfélag.....	23
3.2 Samstarf stofnana.....	27
3.3 Fullorðinsfræðsla.....	29
3.4 Náms- og starfsráðgjöf og stuðningur samnemenda.....	31
3.5 Samantekt .....	33
4. Aðferðafræði rannsóknar.....	35
4.1 Undirbúningur rannsóknar .....	35
4.2 Markmið rannsóknar og rannsóknarspurning .....	35
4.3 Eigindlegar rannsóknaraðferðir .....	36
4.4 Þátttakendur .....	37
4.5 Gagnasöfnun .....	37
4.6 Greining gagna.....	38
5. Niðurstöður.....	40
5.1 Nám eftir grunnskólann.....	40
5.1.1 Heimili og börn.....	40
5.1.2 Næg vinna.....	41
5.2 Aftur í nám.....	42
5.2.1 Nám í heimabyggð .....	42

5.2.2	Upplýsingar um nám .....	43
5.3	Ráðgjöf og hvatning .....	44
5.3.1	Þekkingarnetið - Ráðgjöf .....	44
5.3.2	Styrkur hópsins - Samnemendur .....	45
5.4	Samfélagið og stofnanir Nýheima .....	46
5.4.1	Aðstaða og þjónusta við nemendur .....	46
5.4.2	Samfélagið .....	47
5.4.3	Framhaldskóli Austur-Skaftafellssýslu (FAS).....	48
5.4.4	Þekkingarnetið- Símenntunarmiðstöð .....	49
5.5	Samstarf stofnana.....	50
5.6	Samantekt .....	52
6	Umræður.....	54
6.1	Brotthvarf - Fullorðinsfræðsla .....	55
6.2	Faglegt lærdómssamfélag.....	56
6.3	Heildtæk forysta - Samstarf fræðslustofnana .....	58
6.4	Náms- og starfsráðgjöf – Samnemendur .....	60
6.5	Samantekt .....	61
7.	Lokaorð .....	64
	Heimildaskrá .....	66
	Viðauki 1.....	70
	Viðauki 2.....	71
	Viðauki 3.....	72

## 1 Inngangur

Á landsbyggðinni hefur framhaldsskólum fjölgað á síðustu áratugum og víða hafa aukin tækifæri skapast til náms eftir grunnskólapróf. Á Austurlandi var Menntaskólinn á Egilsstöðum stofnaður 1979, Verkmenntaskóli Austurlands á Neskaupsstað og Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu á Höfn í Hornafirði fylgdu svo í kjölfarið á níunda áratugnum. Nemendur geta lokið formlegu námi hjá þessum stofnunum. Þarfir atvinnulífsins eru mismunandi eftir landshlutum og með ofanefndum skólum hefur verið komið til móts við þessar þarfir og ljóst er hve mikilvægt er að nemendur geti lokið námi í heimabyggð. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum hefur verið komið á fót um allt land og þar á sér stað mikið og margbreytilegt fræðslustarf. Þekkingarnet Austurlands var stofnað árið 2006 á grunni Fræðslunets Austurlands sem stofnað var 1998 en heitir nú Austurbrú og var stofnað 2013. Tilgangur Austurbrúar er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi. Símenntunarmiðstöðin Austurbrú býður upp á samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna og þekkingar- og menningarstarfs. Í símenntunarmiðstöðvunum gefst fullorðnu fólki, sem ekki hefur lokið formlegri menntun, kostur á að bæta við menntun sína og hefja aftur nám. Starfsfólk kannar þarfir atvinnulífsins og skipuleggur námskeið sem henta. Einnig er boðið upp á ráðgjöf fyrir almenning og háskólanemum er boðin námsaðstaða til að geta stundað nám í heimabyggð. Í minni samfélögum þarf að nýta afl og þekkingu þeirra sem þar búa og samstarf formlega kerfisins og símenntunarmiðstöðva hefur aukist á undanförunum árum.

Þekkingarsetrið Nýheimar í sveitarfélagi Hornafjarðar er gott dæmi um starfsemi þar sem fjölbreytt mennta-, menningar-, rannsóknar- og frumkvöðlastarf á sér stað. Þar er til húsa Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu og skrifstofa Austurbrúar (áður Þekkingarnets Austurlands). Báðar þessar stofnanir tengjast fræðslu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Skrifstofa menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er í Nýheimum og héraðsbókasafnið og bókasafn Fjölbrautaskólans heyra undir hana. Öflugt rannsóknar- og þróunarstarf fer þar fram og stofnanir sem tengdar eru rannsóknum eru

Rannsóknarsetur Háskóla Íslands, Matís, útibú frá Hafrannsóknarstofnun, Jöklasetrið og Skaftafellsþjóðgarður. Frumkvöðlastarf og nýsköpun er veigamikill þáttur í húsínu. Þar er útibú frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Ríki Vatnajökuls (ferða- og matvælaklasi), útibú frá Búnaðarsambandi Suðurlands og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga auk sjálfstæðra frumkvöðla sem sinna þar rannsóknum og þróun hugmynda sinna. Aðstaða fyrir fullorðna námsmenn í háskólanámi er einnig í þekkingarsetrinu. Hjá menntastofnunum innan Nýheima er boðið upp á nám fyrir fullorðna einstaklinga. Um er að ræða fjarnám á háskólastigi, lengri námsleiðir og styttri námskeið hjá Þekkingarneti Austurlands og síðdegisnám með vinnu hjá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu auk hefðbundins dagskóla. Nýsköpunarmiðstöð, Matís og Ríki Vatnajökuls halda einnig reglulega námskeið fyrir frumkvöðla, m.a. um vöruþróun og stofnun og rekstur lítilla fyrirtækja. Búnaðarsambandið sinnir fræðslu fyrir bændur.

Stjórnendur menntastofnana í Nýheimum hafa haft með sér samstarf um skipulag og framboð náms sem hefur verið að þróast síðan 2007. Stjórnendur og aðrir starfsmenn leita leiða til að auka námsframboð og koma þannig í veg fyrir brotthvarf og jafnframt ýta undir að fullorðnir námsmenn komi aftur í nám. Oft er það gert í samstarfi milli stofnana, sérstaklega í minni samfélögum, þar sem reynt er að veita nemendum sem besta aðstöðu til að ljúka námi í heimabyggð.

Námið sem boðið er upp á í Nýheimum er margþætt, bæði framhaldsskólanám og háskólanám, auk margs konar námskeiða. Stór hluti nemenda eru fullorðnir einstaklingar með litla formlega menntun og hafa sumir hverjir aðeins lokið grunnskóla. Þeir eiga það sameiginlegt að vilja auka við menntun sína, annaðhvort almenna menntun eða starfsmenntun, með það að markmiði að verða hæfari til að takast á við fjölbreytt störf eða til að efla persónulegan þroska.

Áhugi minn á samvinnu menntastofnana hjá smærri sveitarfélögum leiddi til þess að ég skoðaði samvinnu stofnana innan þekkingarsetursins Nýheima. Tengsl mín við starfseminu urðu til þess að stjórnendur báðu mig að rannsaka hvort starfið hafi skilað þeim árangri sem þeir telja að ætti að hafa náðst. En það er hvort fullorðnir komi aftur í nám og ljúki því vegna aukins framboðs á námi og góðum upplýsingum um námið. Stjórnendur stofnana Nýheima vilja fá svör og endurgjöf frá nemendum um hvort þetta nýja samstarf, nýtt skipulag og stuðningur hafi þau áhrif að þeir ljúki frekar námi en ella. Þeir vilja kanna upplifun þeirra sem nýta sér þjónustu þessara stofnana svo hægt sé skipuleggja og byggja upp betra nám fyrir fullorðna námsmenn hjá menntastofnunum Nýheima.

Samræður fræðimanna á sviði menntunar og skólaþróunar hafa undanfarin ár beinst í auknum mæli að samstarfi ólíkra hópa innan lærdómssamfélagsins. Mikið er fjallað um hið faglega lærdómssamfélag en raunar er engin ein skilgreining til á því. Samkvæmt Louis og Stoll (2007) er slíkt samfélag að verki þegar hópur kennara vinnur saman og rökræðir í nokkurn tíma með það sameiginlega markmið að bæta nám. Í faglegu lærdómssamfélagi felur nám í sér samstarf að gagnkvæmum skilningi á hugmyndum og framkvæmd. Louis og Stoll (2007) leggja til að þessi samvinna og sameiginlega sýn hafi það að leiðarljósi að umhyggja fyrir einstaklingnum sé rauður þráður hjá kennurum, nemendum og stjórnendum í samfélaginu.

Á Höfn í Hornafirði hefur samræða farið fram í þeim tilgangi að virkja allar þær stofnanir sem koma að menntun, einnig grunn- og leikskóla, til samstarfs um faglegt lærdómssamfélag. Í greininni „Ísjakinn færast ekki úr stað ef aðeins á að færa þann hluta sem sýnilegur er“ er fjallað um kenningar Michael Fullan. Þar er meðal annars talað um mikilvægi þess að tryggja að árangur af umbótum verði varanlegur og að breytingar festist í sessi og skapi menningu sem felur í sér möguleika á stöðugri þróun (Ingvar Sigurgeirsson, Anna K. Sigurðardóttir, Börkur Hansen, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Hafdís Ingvarsdóttir, Lilja M. Jónsdóttir, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2005). Hafa þarf í huga að ekki er einungis verið að breyta áherslum í átt að ákveðnu takmarki heldur einnig í samfélagslegum skilningi og lausnir verða að koma í gegn um þróun sameiginlegs tilgangs þess. Breytingarnar standa og falla með því að tenging sé milli einstaklings og sameiginlegs tilgangs. Skoða þarf menningu skólans og samfélagsins þar sem breytingar eiga að fara fram (Fullan, 2007). Mismunandi ástæður liggja að baki breytingum sem eru gerðar hjá menntastofnunum. Það þarf samstarf innan stofnunarinnar sjálfar og á milli fyrirtækja og stofnana þegar ná þarf til nemenda sem hætt hafa námi og eru á vinnumarkaðinum eða í atvinnuleit. Stofnanir þurfa að hafa auga fyrir því hvenær ytri kröfur í stjórnskipulagi um breytingar fela í sér tækifæri til þróunar á innra starfi (Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón B. Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West, 1999).

Þegar fjallað er um fullorðinsfræðslu og brotthvarf er gjarna rætt um þrautseigju og úthald nemenda, en nemendur sem hætta í námi skipta oft um skóla og erfitt er að fá upplýsingar um hvers vegna þeir halda ekki út í sama skólanum. Svar við slíkum vangaveltum frá nemendum sem hafa þessa reynslu eykur skilning á því hvernig nemendur í brotthvarfshættu upplifa sig í skólakerfinu og gerir þeim, sem skipuleggja nám og ráðgjöf fyrir

fullorðna námsmenn, betur kleift að aðlaga námið og ráðgjöf að þörfum þessa hóps.

Hrafnhildur Kjartansdóttir, Kristjana Stella Blöndal og Sif Einarsdóttir (2011) fjalla í rannsókn sinni um aðdraganda og afleiðingar brotthvarfs úr háskólanámi. Meginniðurstöður rannsóknarinnar benda til að ómarkvisst námsval sé helsta ástæða þess að nemendur hætti námi. Nemendum fannst einnig skorta leiðbeiningar og fræðslu um skrif BA- eða lokaritgerðar. Eitt af markmiðum Nýheima er að byggja upp þekkingu, hæfni og frumkvæði með því að bjóða upp á fjölbreytta möguleika til menntunar á framhalds- og háskólastigi. Tinto (1997a) segir í grein, þar sem hann fjallar um kennslu í háskólum, að ef skipuleggjendur náms og kennslu hefðu samvinnu nemenda sem stöðugt viðmið, en ekki sem undantekningu, næðist betri árangur hjá nemendum.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna upplifun nemenda sem stundað hafa nám hjá stofnunum Nýheima. Hvaða skoðanir þeir hafi á framboði til náms og ráðgjafar. Hvaða hugmyndir þeir hafi um hvað mætti betur fara í skipulagi námsins til að koma mætti í veg fyrir brotthvarf. Hvað má betur gera til að hjálpa fullorðnum nemendum sem vilja ljúka formlegri menntun?

Gildi rannsóknarinnar felst í því að fá vísbendingar um hvernig skipuleggjendur náms í Nýheimum geti veitt nemendum sínum betri kennslu/þjónustu en þá sem var fyrir út frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

Rannsóknarspurning: Hvaða áhrif hafa Nýheimar haft á tækifæri þátttakenda til frekari menntunar?

Ritgerðin skiptist í sex meginkafla. Í inngangi er verkefnið kynnt og færð rök fyrir vali þess. Í öðrum kafla er fjallað um þekkingarsetrið Nýheima og byggist hann að mestu á viðtali við tvo af stjórnendum menntastofnana þar. Einnig voru ársskýrslur frá þekkingarneti Austurlands, nú Austurbrú, skoðaðar og efni af heimasíðu sveitarfélagsins Hornafjarðar. Í þriðja kafla er fjallað um fræðilegt baksvið rannsóknarinnar. Þar er fjallað um faglegt lærdómssamfélag, fullorðinsfræðslu, heildtæka forystu og náms- og starfsráðgjöf. Fjórði kafli er um aðferðafræði rannsóknarinnar og rannsóknarsnið. Fimmti kafli fjallar um niðurstöður rannsóknarinnar byggðar á frásögn þátttakenda í rannsókninni. Í sjötta kafla eru umræður í ljósi niðurstaðna og tenging við fræðilega kaflann. Í lokaorðum eru dregnar saman helstu ályktanir og mat lagt á gildi rannsóknarinnar.



## 2 Nýheimar

Þessi kafli fjallar um Nýheima og stofnanir sem koma að skipulagi fræðslu þar. Upplýsingarnar eru byggðar á viðtali teknu í febrúar 2013 við Ragnhildi Jónsdóttur, sem áður var í starfi hjá Þekkingarneti Austurlands á Höfn í Hornafirði en er nú fræðslustjóri þar, og Eyjólf Guðmundsson, skólameistara Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu. Í kaflanum er sagt frá tilurð Nýheima og því starfi sem unnið er hjá menntastofnunum og hvernig þær tengjast. Vísað er í efni af heimasíðu sveitarfélagsins Hornafjarðar, í ársskýrslur Þekkingarnets Austurlands (Austurbrú) og námskrá frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins.

### 2.1 Þekkingarsetrið

Húsakynni Nýheima voru byggð árið 2002 og samtímis hófst starfsemi þekkingarsetursins. Ragnhildur og Eyjólfur voru spurð að því hvers vegna þörf hafi verið á þekkingarsetri á Höfn og hvaða hugmyndafræði hafi legið að baki þess að Nýheimar voru byggðir. Eyjólfur nefnir að hugmyndir um Nýheima hafi komið upp hjá sveitarfélaginu og tengdum stofnunum. Lausnir í atvinnumálum fólust í bæjarábyrgðum og þátttöku í hlutafélögum. Menn vildu breyta þessu og koma öðruvísi að stuðningi við atvinnulífið. Leitað var til Þróunarfélags Austurlands og niðurstaðan varð sú að það myndi gefast vel að móta þekkingarsetrið í takt við atvinnulífið og stuðla þar að frumkvöðlastarfsemi. Litið var til erlendra fyrirmýnda að svokölluðum vísindagörðum sem stuðluðu að uppbyggingu fyrirtækja sem byggðu á þekkingu og vísindum. Eyjólfur segir:

Menn voru svo bjartsýnir að taka þá hugmyndafræði og setja hana inn í litla sjávarþorpið á Höfn og á sama tíma voru menn að vandræðast með húsnæði fyrir framhaldskólann. Hann var í bráðabirgðahúsnæði og einnig var umræða um framtíðarhúsnæði fyrir bókasafnið sem var í leiguhúsnæði.

Niðurstaðan varð sú að byggja frumkvöðlasetur, þar sem framhaldsskólinn og menningarmiðstöð með bókasafni eru meginstoðir. Þá var nauðsynlegt að tengjast háskóla, til að geta myndað eins konar vísindagarða. Haft var samband við Háskóla Íslands sem var tilbúinn að taka þátt í verkefninu og vinna að því með heimamönnum. Á heimasíðu sveitarfélagsins Hornafjarðar (<http://www.hornafjordur.is/nyheimar>) segir um þekkingarsetrið Nýheima:

Þekkingarsetrið Nýheimar byggist á hugmyndafræði og samstarfsneti um menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun á Suðausturlandi. Markmið með starfsemi þekkingarseturins eru;

Að efla félagslega virkni, að efla samstarf fyrirtækja með áherslu á menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun, að stuðla að virkri félagslegri þátttöku allra íbúa, að efla menningarstarf á svæðinu, að tryggja aðgengi að fjölbreyttu og góðu námi fyrir íbúa svæðisins alla ævi, að efla grunnrannsóknir í atvinnulífi, að stuðla að samtarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila, að örva nýsköpun, fjölga störfum, auka fjölbreytni á Suðausturlandi, að upplýsa íbúa, stjórnvöld og fyrirtæki um starfsemi Nýheima og að lokum að efla lífsgæði.

Á heimasíðunni er einnig fjallað um menningu í Nýheimum og Hornafjarðarsöfn þar sem starfrækt er bókasafn, skjalasafn, náttúruminjasafn, byggðasafn og listasafn. Bóksafnið er til húsa í Nýheimum og er þar einnig skólabókasafn fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu.

## **2.2 Þekkingarnetið - Stuðningskerfi – Tenging við háskólanám**

Aðspurð um tengingu þekkingarnetsins við Nýheima nefna bæði Eyjólfur og Ragnhildur að árið 1998 hafi fólk velt því fyrir sér hvernig ætti að skipa málum er vörðuðu fjarnám á háskólastigi, framhaldsfræðslu fyrir fullorðna og tengingar við námskeiðahald fyrir þá sem höfðu stutta formlega menntun. Í byrjun voru framhaldsskólar grunnstoðin í námsframboði fyrir fullorðið fólk. Ragnhildur sagði að frá þessum tíma hafi orðið nokkrar breytingar: „Þegar símenntunarmiðstöð var stofnuð á Austurlandi hét hún Fræðslunet Austurlands en var breytt í Þekkingarnet Austurlands sem nú er innan Austurbrúar“. Í árskýrslu þekkingarnetsins frá árinu 2006 segir að Fræðslunet Austurlands hafi verið stofnað 30. október 1998 en 16. mars 2006 var undirritaður samningur milli Fræðslunets Austurlands (FNA) og menntamálaráðuneytisins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um stofnun og rekstur þekkingarnets Austurlands (ÞNA), sem var síðan stofnað 13. júní á grunni Fræðslunetsins.

Eyjólfur sagði að í upphafi, í starfi Fræðslunetsins, hafi allt starfið verið mjög tengt framhaldsskólunum á Austurlandi; á Höfn, á Egilsstöðum og í Neskaupsstað. Eyjólfur bætir við: „Hugmyndafræðin gekk út á að nýta þessar stoðir sem voru fyrir, þeirra afl til að byggja þetta net“. Ragnhildur bætir við: „Aðilar að stofnun Fræðslunetsins voru, auk framhaldsskólanna, sveitarfélög, verkalýðsfélög og stofnanir og fyrirtæki í atvinnulífinu“.

Starfsstöð ÞNA á Hornafirði var stofnuð í Nýheimum í byrjun árs 2007. Í ársskýrslu Þekkingarnets Austurlands 2007 segir að unnið hafi verið að því með sveitarstjórnnum að auka þjónustu ÞNA með því að setja upp fleiri námsver og starfsstöðvar. Ragnhildur Jónsdóttir náms- og starfsráðgjafi var ráðin í fullt starf verkefnastjóra á Höfn frá janúar 2007. Fljótlega jókst starfsemin það mikið að ráða varð annan starfsmann í hlutastarf til að anna verkefnum.

Húsakynni Nýheima voru ekki fullnýtt í fyrstu sem varð til þess að margir í samfélaginu voru svartsýnir á að það yrði nokkurn tíma vel nýtt því það væri allt of stórt. Nú er það hins vegar orðið of lítið. Markmiðið með byggingu Nýheima hefur frá upphafi verið að byggja upp stuðningskerfi fyrir samfélagið, fyrir þróun þess og leggur Eyjólfur áherslu á samfélagsþróunina, að stuðla að margbreytilegum stuðningi fyrir samfélagið byggt á menntun og frumkvæði íbúanna í stað hlutabréfakaupa. Ragnhildur og Eyjólfur telja mjög mikilvægt að byggja upp öfluga framhaldsfræðslu í tengslum við íbúana og að starfsfólk símenntunarmiðstöðvarinnar (ÞNA) sé jafnframt íbúar á staðnum. Ragnhildur segir:

...það þjónar litlum tilgangi að fá hingað einhvern til að vera með viðtöl einu sinni í mánuði þegar það kemur enginn, eða þá að námskeiðin frá Þekkingarnetinu að það sé komið með þau frá Egilsstöðum hingað eina helgi og það mætir enginn. Það skapaðist þessi skilningur á því hvað það skiptir miklu máli að fólkið sem á að þjóna samfélaginu sé búsett í samfélaginu en ekki að þjónustan sé veitt í einhverju heimsóknarformi.

Eyjólfur bætir við að mikilvægt hafi verið að frumkvöðlaþátturinn væri hjá þeim og ákveðin verkaskipting væri milli starfsstaða á Austurlandi. Á heimasíðu Austurbrúar (áður Þekkingarnets Austurlands) (<http://www.-austur.is/>) er fjallað um Þróunarfélag Austurlands:

**Þróunarfélag Austurlands** (e. *The Development Centre of East Iceland*) var stofnað árið 1983 og starfar að framþróun í atvinnulífi og jákvæðri samfélagsþróun á Austurlandi. Meðal helstu hlutverka þróunarfélags Austurlands er að efla atvinnulíf og samfélag á Austurlandi, veita ráðgjöf við nýsköpun- og þróunarverkefni auk þess að veita ráðgjöf um bættan rekstur.

Þróunarfélag Austurlands er hluti af svokölluðu stoðkerfi Austurlands sem hefur þann tilgang að styðja frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu skref í stofnun fyrirtækja og til að styðja fyrirtæki og sveitarfélög í hverskonar þróunarvinnu innan þeirra. Eitt þeirra félaga sem Þróunarfélag Austurlands kom að var Fruman sem var bæði tengt þessari

nýsköpunaráherslu á Höfn, en átti líka að skila sér til annarra staða á Austurlandi og Eyjólfur bendir á:

...en kannski varð það aldrei þannig eins og menn stilltu þessu upp og menn fóru að skoða sitt samfélag sérstaklega með því að hlúa að því með því að vera á staðnum og skynja betur hvað er í gangi.

Ragnhildur bætir við: „Það að vera hér með puttann á púlsinum skiptir öllu máli“. Eyjólfur segir einnig frá því hvað hægt sé að læra af þessu:

...að það skiptir svo miklu máli að það sé manneskja á staðnum sem skynji gangvirkið í samfélaginu og sé í tengslum við það og þá líka áhersla okkar á það að þekkingarnetið er net ekki miðstöð.

Ragnhildur bendir á að nú standi þau á krossgötum þar sem þekkingarnetið hafi verið fellt inn í nýtt félag á sveitarstjórnarstigi, Austurbrú og þar með sé allt samstarf orðið flóknara því landshlutasamstarf Hornfirðinga á sveitarstjórnarstigi sé með sveitarfélögum í Suðurlandskjördæmi. Þau leggja bæði áherslu á það að þau vilji að stoðstofnanir og framhaldsfræðslan haldi áfram að starfa sem net þar sem stuðningskerfið teygir sig um allt samfélagið og Eyjólfur bætir við:

Við viljum halda áfram með þessa grunnhugsun þekkingarnetsins í framhaldsfræðslu hér í sveitarfélaginu. Við getum ekki verið í Austurbrú af því að þar er önnur grunnhugsun og við getum heldur ekki farið vestur á bóginn eða á Suðurland því þar er enn önnur hugsun í gangi. Þar eru tvö félög, annað sinnir símenntun fyrir fólk á vinnumarkaði á meðan hitt sinnir háskólamenntun og rannsóknun. Þetta er kassahugsun en við höfum lagt áherslu á að starfið eigi að vera ein heild og þjóna öllum fullorðnum í námi. Við höfum alltaf lagt áherslu á að þetta þarf að vera ein heild.

Aspurð um hvort þau hafi alltaf hugsað um samstarf menntastofnananna sem eina heild telja þau að þetta hafi aðallega þróast með frumkvöðlaþættinum og samfélagsþróun og inn í það hafi svo tengst menntamálin, menningarmálin og bókasafnið. Ragnhildur bætir við:

Við erum allt of lítil til að lifa inn í svona kössum eins og þið gerið í Reykjavík, það kemur líka í veg fyrir samnýtingu mannauðs. Við viljum fá leyfi til þess að brjóta niður múra, opna á milli kassa þannig að bæði starfsemi og mannauður geti gagnast á fleiri en einum stað og fleiri en einum hópi fólks. Það væri til dæmis hægt að nýta náms- og starfsráðgjafa fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði og með nemendum framhaldsskólans og jafnvel fá hann í verkefni í grunnskólanum á meðan ekki er starfandi ráðgjafi þar.

Eyjólfur telur þetta gerlegt „af því að við erum fá, það er skynsamlegt og faglega rétt að gera þetta á þennan hátt, jafnvel þótt við værum fimm eða tíu þúsund“. Aðspurð hvort fullorðinsfræðslan og formlega námið vinni saman segir Ragnhildur að í námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins komi fram að hægt sé að meta námið til eininga en um það þurfi að semja sérstaklega við hvern og einn framhaldsskóla og það sé galli. Í námskrá fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins segir:

Námið er einkum ætlað þeim sem eru að minnsta kosti 23 ára, eru starfandi á vinnumarkaði og hafa hafið nám á framhaldsskólástigi en ekki lokið almennum bóklegum greinum með prófi til brautskráningar úr framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið leggur til að námsleið þessi verði í boði bæði innan fullorðinsfræðslu og í framhaldsskólum. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi þessa námsleið til styttingar á námi í framhaldsskóla allt að 24 einingum en vekur athygli á því að mat á fyrra námi nemenda er á ábyrgð skólameistara viðkomandi framhaldsskóla. (<http://www.-frae.is/namsskrar/almennar-boklegar-greinar/.bls.2>).

Eyjólfur telur að það komi til með að breytast með hinu nýja kerfi sem boðað er með nýjum framhaldsskólalögum. Hann telur það geta komið til móts við fullorðna námsmenn. Hann bendir á að: „áður voru brautirnar og námið svo stíft skilgreint og sveigjanleiki lítill, þess vegna passaði þetta ekki saman en nú eigi fyrst og fremst að horfa til hæfni fólks“. Verkefnisstjóri Þekkingarnetsins á Höfn fór á vinnustaði, talaði við starfsmenn til að kanna þörfina á menntun. Á þeim grunni hófst samstarf við Framhaldsskólann. Ragnhildur segir:

Náms- og starfsráðgjafi hafði frá 2006 farið inn á vinnustaði í sveitarfélaginu og kortlagt námsþarfir sem fram komu í viðtölum við fólk á vinnustöðum. Það kom fram hjá þeim sem talað var við að margir hefðu gjarnan viljað klára framhaldsskóla eða starfsnám. Ný tækifæri og upplýsingar til fólks gerðu það að verkum að haft var samband við Framhaldsskólann og úr varð að skólinn byði upp á nám seinnipart dags fyrir fólk á vinnumarkaði og kennarar framhaldsskólans sæju um kennsluna. Þekkingarnetið hafði samband við þá sem sýnt höfðu áhuga á náminu og Framhaldsskólinn auglýsti námið í Eystrahorni bæjarblaðinu.

Þekkingarnetið stóð einnig fyrir raunfærnimati sem leiddi til þess að nemendur hófu aftur nám. Raunfærnimat á sér sögulegar rætur frá Bandaríkunum í kringum 1970. Markmiðið með því var að opna einstaklingum, sem ekki höfðu lokið framhaldsnámi, dyr að formlegu námi á

nýjan leik þar sem fyrri reynsla þeirra og störf voru höfð að leiðarljósi (Sólveig Kristinsdóttir, 2012). Formlegt nám (*e. formal learning*) hefur verið skilgreint samkvæmt Cedefop (Centre Européen pour le développement de la formation professionnelle – Miðstöð ESB um þróun símenntunar í Evrópu (2009) sem skipulagt nám sem fer fram innan menntastofnana og styðst við viðurkennda námskrá, vottað með prófskírteini eða viðurkenningu.

## 2.3 Framhaldsskólinn – Nám í heimabyggð

Á heimasíðu Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (<http://www.fas.is/gamli/index.htm>) er greint frá námi sem þar er í boði samkvæmt nýrri námskrá. Boðið er upp á nám við skólann á fjórum brautum sem lýkur með stúdentsprófi. Þetta eru hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut, kjörnámsbraut og umhverfis- og auðlindabraut. Umhverfis- og auðlindabrautin er fjarnámsbraut, sem rekin er í samvinnu FAS, Menntaskólans á Egilsstöðum, Menntaskólans á Tröllaskaga og Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Í FAS er einnig boðið upp á nám á framhaldsskólabraut, sem lýkur með framhaldsskólaprófi, og fjallamennskubraut, sem lýkur með fjallamennskuprófi. Einnig er boðið upp á nám á ýmsum starfsbrautum í samstarfi við sex aðra framhaldsskóla. Verkefnið kallast Fjarmentaskólinn. Það framboð ræðst af eftirspurn og er því breytilegt milli ára. Samkvæmt Eyjólfu eru nemendur Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu um 180 þar af 70 fjarnemendur. Skólinn er fyrst og fremst bóknámsskóli og lítið í boði af verknámi:

...við finnum lausnir í því eins og öðru. Fyrir tuttugu árum síðan var boðið upp á eitt fyrsta starfsréttindanámið sem við fórum af stað með, það var skipstjórnar- og vélstjórnarnám. Við fórum af stað með það af því að það var þörf fyrir það á svæðinu. Við bjóðum líka upp á það núna sem og sjúkraliðanám, félagsliðanám o.fl.

Starfsréttindanámið þróaðist þannig að nemendum í byggðarkjörnum var safnað saman um allt Austurland, búnir voru til hópar; fjórir til fimm nemendur saman á hverjum stað svo hægt væri að skipuleggja og koma af stað til dæmis skrifstofunámi, sjúkraliðanámi og félagsliðanámi sem kennt var í öllum framhaldsskólunum á Austurlandi samtímis í blönduðu stað- og fjarnámi. Kennari var staðsettur á einum stað og nemendur á fimm eða sex stöðum á Austurlandi. Eyjólfur bætir við:

...það var gert í gegnum fjarfundabúnað. Þarna gátum við nýtt okkur þekkingarnetið. Þetta voru nemendur sem urðu virkilega

góðir í fjarnámi og náðu að mynda hópa á hverjum stað og vinna vel saman.

Vélvirkjunarnám var sett á laggirnar í gegnum raunfærnimat Þekkingarnetsins í vélvirkjun og nemendur gátu tekið það að hluta til með nemendum í námi í vélstjórn. Boðið var upp á vélstjórnarnámið um allt land. Það var fyrst og fremst skipulagt sem fjarnám og verklega námið fór fram í Vélskólanum í Reykjavík.

## 2.4 Samstarf stofnana

Í kafla 2.2 um Þekkingarnetið er fjallað um Fræðslunet Austurlands og hvernig það þróaðist yfir í Þekkingarnet Austurlands. Nú hafa breytingar orðið á skipulagi og á heimasíðunni austur.is (<http://austur.is/>) segir:

Þekkingarnetið heitir nú Austurbrú og er sjálfseignarstofnun stofnuð á grunni Þekkingarnetsins, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Í framhaldi af þessum breytingum, að Þekkingarnetið og sú stefna sem hún hafði hefur færst yfir í Austurbrú, hafa orðið mannbreytingar og verkefnastjóri Þekkingarnetsins á Höfn í Hornafirði hætti og þar með hefur starf náms- og starfsráðgjafans líka lagst af. Nú þarf að leita annað eftir náms- og starfsráðgjöf. Búast má við að framhaldsskólinn standi einnig á tímamótum ef marka má umræður um styttingu náms og nýja námskrá framhaldsskólanna. Þetta reynir á skipuleggjendur fræðslu og samstarf menntastofnana hjá Nýheimum. Þeir eru ekki svartsýnir og Ragnhildur bendir á: „... við erum á krossgötum, Þekkingarnetið er ekki lengur til“ og Eyjólfur bætir við: „Það skiptir máli að við viljum halda áfram með þessa grunnhugsun að vinna sem heild og sterkir punktar í tengslum við samfélagið...“.

Þegar Ragnhildur og Eyjólfur eru spurð um samstarf stofnana þá eru svörin þau að mikil ánægja ríki með samstarfið þó þeim þyki skorta mannskap. Ragnhildur bætir við:

Það vantar þessa persónulegu þjónustu fyrir fullorðna fólkið. Það er mikilvægt að heimsækja vinnustaði og kanna hjartsláttinn í samfélaginu og þörf fyrir nám og það krefst tíma og mannauðs.

Þau segja frá því að þau tvö hafi komið fyrst og fremst að fullorðinsfræðslunni ásamt háskólasetrinu sem býður fram aðstöðu og aðstoð við rannsóknir og ritgerðasmíð. Ekkert félag eða stjórn er á bak við stofnanir sem starfa í Nýheimum:

Nei, það er ekkert félag, við ætlum að fara að stofna formlegt félag en þetta hefur ekki verið þannig. Starfsemin og samvinnan hefur byggst upp á vilja og áhuga og í raun mótast í stjórnleysi. Starfsmenn starfsstöðvanna hittast og ræða mismunandi þarfir, síðan eru mótaðar leiðir til að leysa peningamálin og það allt saman. Við viljum leysa mál út frá þörfum og verkefnum frekar en út frá kerfum og stofnunum. Við erum búin að læra að vinna saman að lausnum.



### 3 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla er fjallað um þá hugmyndafræði sem liggur að baki rannsókninni, hið faglega lærdómssamfélag, samstarf menntastofnana og sérstaklega hugað að eiginleikum stjórnenda og samstarfi þeirra á milli, varanleika (sjálfbærni) breytinga, rannsóknir á fullorðinsfræðslu og brotthvarf nemenda úr námi, einnig náms- og starfsráðgjöf og bekkjaranda. Ég leitaðist við að finna rannsóknir um samstarf stofnana í litlum samfélögum en varð lítið ágengt og leitaði því fanga í meistaraþrófsritgerðum, einkanlega þeim er fjalla um rannsóknir á fullorðinsfræðslu, símenntun og brotthvarfi. Nýlegar hugmyndir skólamanna um heildtæka forystu og leiðtoga innan menntastofnana eru teknar sérstaklega fyrir og hvort samstarf stjórnenda þeirra leiði til þess að fullorðið fólk hefji aftur nám eftir langt hlé.

#### 3.1 Faglegt lærdómssamfélag

Faglegt lærdómssamfélag er skilgreint sem samfélag fagfólks með þann tilgang að bæta nám nemenda með samvinnu þeirra og við annað starfsfólks (Bolam, Stoll og Greenwood, 2007). Nú eru tímar þar sem stöðlun eykst stöðugt í menntun, ótti við samkeppni frá markaðnum er mikill og allt á að gerast strax í menningu samtímans. Afskipti stjórnvalda eru mikil, skammtímamarkmið eru höfð í hávegum og árangur nemenda á nær eingöngu að vera mældur með prófum. Fagleg lærdómssamfélög eru gagnrýnin á þessa hugmyndafræði og hafa það að markmiði að veita fólki bjartsýni til framtíðar með áherslu á samvinnu og samræðu námssamfélagsins frekar en fyrirskipanir og staðlanir (Hord og Sommers 2008; Senge, Combron, McCabe, Lucas, Smith, Dutton, og Kleiner, 2000; Hord, 2009). Þýðingarmesta breytingin í nútímasamfélagi síðustu ára er að kennslan hefur þróast frá því að kennarinn flytji fyrirlestra yfir í að beina athygli að lærdómnum sjálfum. Þetta á bæði við í hefðbundnu skyldunámi og fullorðinsfræðslu. Til vitnis um það eru kennsluaðferðir sem grunn og framhaldsskólar hafa nýtt sér svo sem uppgötvunarnám, þemanám og lausnarleitarnám.

Fullan (2007) bendir á að til að fá betri skilning á breytingum innan menntastofnana sé mikilvægt að skýra vel tilgang breytinganna. Er tilgangur með samstarfi stofnana Nýheima sá sami hjá þeim sem skipuleggja námið og hjá þeim sem nota þjónustuna, eða hafa þeir síðarnefndu allt aðra hugmynd um hvernig til hefur tekist? Við þurfum að skoða heildarmyndina

til að smáu og stóru atriðin takist vel og að nemendur upplifi þær breytingar á þann veg sem fyrirhugað var af skipuleggjendum. Fullan (2005) fjallar um nokkur atriði sem nauðsynleg eru til að festa í sessi faglegt lærdómssamfélag. Eitt þeirra atriða er að skapa þarf lærdómsmenningu á öllum stigum, innan skóla, á milli skóla og á milli fræðsluumdæma. Breytingaferlið á að vera námsferli þar sem hver lærir af öðrum. Fullan (2001) fjallar um þátt fræðsluumdæmisins, að byggja þurfi upp styrk og hæfni sem víðast, til dæmis með því að búa til tengslanet. Þá fjallar hann einnig um varanleika (e. *sustainability*; oft talað um sjálfbærni) breytinganna og segir að siðferðilegur tilgangur breytinga þurfi að vera öllum ljós og raunar sameign allra. En siðferðilegur tilgangur menntunar hefur áhrif til breytinga og skiptir miklu máli í lífi nemenda (Fullan, 2001). Varanleikinn er það sem þarf að koma á hjá námsstofnunum. Allir nemendur og starfsfólk og skipuleggjendur þess náms sem verið er að koma á fót þurfa að vera sáttir og telji breytingarnar til góðs og til eflingar náms.

Mikilvægt er að stjórnendur sem koma að skipulagi náms tileinki sér stjórnunarhætti sem fela í sér hæfni sem skiptir máli og endist til góðs fyrir alla, þannig verða breytingar varanlegar og óháðar stjórnendum þó að skipuleggjendur séu ekki alltaf þeir sömu því þeir geta horfið af vettvangi en eftir situr nám og skipulag sem skiptir máli fyrir þá sem eftir sitja (Hargreaves, 2005). Fullan (2007) fjallar um starf fræðsluumdæmisins og segir:

Í framsæknum fræðsluumdæmum leggur fólk sig fram um að dýpka skilning sinn á umbótastarfinu með því að huga stöðugt að þeim vandamálum sem kunna að koma upp, veita umbun og endurgjöf og taka virkan þátt í lausnaleit. Öguð vinnubrögð og markvisst nám af þessu tagi eykur líkur á varanlegum árangri umbótastarfsins og eflir nám nemenda og kennara (bls. 5 ).

Í hugmyndafræði Senge og samstarfsmanna (2000) og Fullan (2007) um breytingastarf er lögð rík áhersla á mikilvægi baklandsins, til dæmis sveitarfélagsins til þess að koma á breytingum. Á Hornafirði hefur sveitarfélagið stutt vel við breytingastarf meðal menntastofnana og það kemur skýrt fram hjá Eygló Illugadóttur (2011) sem segir að niðurskurður hafi haft neikvæð áhrif á markvissa uppbyggingu meðal stofnana Nýheima. Hjá framhaldsskólanum þar sem nemendum fjölgaði bæði í námi við dagskólann og í fjarnámi var skorið niður framboð námsgreina í fjarnámi eftir hrun 2008. Þekkingarnet Austurlands hafði lagt áherslu á að fara nýjar leiðir til að nálgast fólk með litla formlega menntun og hafði greitt götu þeirra með námskeiðum og fjarnámi. Vegna niðurskurðar í kjölfar hrunsins

varð að fækka stuttum námskeiðum og bjóða lengri námsleiðir í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fyrirtæki á staðnum.

Senge (1990) segir að raunverulegur lærdómur feli í sér grundvallar-hugarfarsbreytingu eða „metanoia“. Í því felst að einstakling-urinn eða skipulagsheildin endurnúi sig stöðugt með það að markmiði að hún verði fær um að takast á við önnur verkefni en hún þekkti áður. Senge fjallar einnig um þátt baklandsins í breytingum og sameiginlega sýn samfélagsins. Í bók sinni, *Skólar sem læra* (e. *schools that learn*), segir hann frá skóla í Iowa með slagorðið „þangað sem samfélagið fer, þangað fer skólinn“. Allir innan skólans og baklandið koma að því að breyta skólanum. Þeir sem stjórna á toppnum eru ekki endilega þeir sem finna bestu leiðirnar og ekki ætti að vera borin ótakmörkuð virðing fyrir hinum svokölluðu „stórskipuleggjum“. Stofnanir sem munu skara fram úr í framtíðinni eru þær stofnanir sem fylgjast með og uppgötva hvernig hægt er að nýta skuldbindingu fólks og getu til að læra á öllum stigum innan stofnunarinnar (Senge, 1990).

Hugmyndin um skóla sem lærir og að hver læri af öðrum og fræðileg kenning Peter Senge um námsstofnanir hafa haft áhrif og eru í raun grundvöllur að stofnanakenningum sem hafa komið fram síðari ár. Skólinn er námsstofnun og þar er hægt að endurskipuleggja, endurskapa og taka mið af náminu. Þannig verða breytingar varanlegar og raunverulegar breytingar verða ekki gerðar með skipunum eða reglugerðum (Senge, o.fl., 2000; Fullan, 2007). Litið er á skólana sem skipulagsheild sem tekur breytingum og þróast fremur en sem fastmótað regluverk, þar sem byggð er upp þekking og leikni innan skólans til þess að bæta starfshætti (Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2005).

Senge og samstarfsmenn (2000) fjalla um aðferðir sem margar námsstofnir hafi nýtt sér til að koma á breytingum innan sinna stofnana. Það eru fimm námslögmál (e. *learning discipline*) sem eru nýtt til viðmiðunar í vinnu við skipulag náms. Það er í fyrsta lagi persónulegur þroski, (e. *personal mastery*) þar á hann við persónulega sýn hvers og eins á skólastarfið svo sem árangur sem hver og einn vill ná, hvert stefnt sé, virðingu og ímynd samfara raunsæju mati á kringumstæðum. Í öðru lagi er það sameiginleg sýn (e. *shared vision*) en þar beinir hann athyglinni að sameiginlegum tilgangi og markmiðum ásamt skuldbindingu starfsfólks, hópsins eða stofnunarinnar í að þróa sameiginlega framtíðarsýn. Í þriðja lagi er talað um gildismat (e. *mental modes*) þar sem hver og einn ígrundi eigin viðhorf og annarra. Í vinnu með gildismat er hægt að fá skýrari sýn á raunveruleikann. Þar sem gildismatið er viðfangsefni sem erfitt er að tala um þarf að skapa öruggt andrúmsloft á vinnustaðnum þar sem starfsfólk

getur rætt ágreiningsmál. Teymisnám (e. *team learning*) er fjórða lögmálið þar sem fjallað er um samspil hópsins. Með samræðu og samspili hópsins er hægt að efla hugsunina um samvinnu og nám til að komast að niðurstöðu um sameiginleg markmið. Afl hópsins og styrkur hefur sterkari áhrif en hugmyndir einstaklings. Þetta er hægt að efla alls staðar innan námstofnunarinnar, þ.e. í bekknum, meðal kennara, foreldra og alls samfélagsins er stendur að stofnuninni. Síðasta lögmálið er kerfishugsun (e. *systems thinking*) en hún byggist á kenningu um endurgjöf og margbreytileika. Ef skilningur er á því hvernig hlutir eru öðrum háðir þá er auðveldara að takast á við þá. Til að fá uppbyggilegum breytingum framgengt er nauðsynlegt að sjá heildarsýnina. Þannig þarf að hugsa öðruvísi um markmiðin, í stærra samhengi en ekki sem einangrað fyrirbæri.

Í námsfúsu skólunum fer fram öflugt starf og breytingum er komið á en oft gleymist varanleikinn (sjálfbærni) og skuldbindingin til verksins. Senge og samstarfsmenn hans (2000) fjalla um skuldbindinguna og telja að það séu margir innan stofnunarinnar sem eru sammála nýjum aðferðum, markmiðum og sýn en skuldbinda sig ekki til verksins. Þetta er áhugavert að skoða hjá þeim sem nýta sér þjónustu menntastofnana hvort nemendur taki eftir breytingum og hvort þeim finnst þær vera komnar til að vera.

Senge (1990) telur farsælast ef skipuleggjendur náms og kennarar fái tækifæri til að vinna saman að uppbyggingu námsframboðs í stað þess að hver og einn vinni út af fyrir sig og skipuleggi án samráðs sinn þátt. Hann vill forðast þessa hugsun og koma á samvinnu innan námssamfélags þar sem hlúð er að nýjum hugmyndum og sameiginlegum markmiðum. Hann segir fólk auka stöðugt getu sína til að komast að þeirri niðurstöðu sem það óskar sér, nýjar hugmyndir eru fóstaraðar og sameiginleg markmið eru leyst úr læðingi þar sem fólk er alltaf að læra hvernig hægt sé að læra saman (bls. 3). Námslögmál Senge (1990) segja að byggja þurfi upp sameiginlega sýn í námssamfélaginu. Með sýn einstaklingsins (e. *vision*) komi kraftur og skuldbinding (e. *commitment*) sem er persónuleg og á sér þess vegna rætur í sýn, áhuga og metnaði einnar persónu. Þess vegna er í sameiginlegri sýn hópsins byggð á sýn einstaklings. Í öðru skrefi námslögmála Senge er fjallað um sameiginlega sýn stofnana en fyrsta skrefið telur hann að feli í sér að byggja upp sameiginlega sýn. Þegar fleiri taka þátt í sameiginlegri sýn, þá breytist hún jafnvel ekki í grundvallaratriðum heldur verður hún meira lifandi og raunveruleg. Einstaklingurinn á sér samstarfsaðila og þeir eru ekki lengur einir og öll ábyrgð er ekki lengur á höndum einnar persónu heldur vinnur hópurinn saman að lausn verkefna.

### 3.2 Samstarf stofnana

Í umræðunni um menntun, forystu og samstarf stofnana hefur umræðan þróast í þá átt að tala um heildtæka forystu. Þegar skólamenn og skipuleggjendur náms eru spurðir um tilgang menntunar eru flestir sem svara því til að hann sé að efla getu og hæfileika hvers nemanda. Þrátt fyrir að menntastofnanir stefni að þessu markmiði eru skólar áfram mjög sjálfstæðir og vinna oftast ekki saman. Góðum og gildum aðferðum sem hafa virkað hjá einni menntastofnun er venjulega ekki deilt með öðrum. Fáir skólar hafa náð að teygja sig út fyrir sína stofnun og náð að vinna saman í að styðja aðra skóla með sínum áhrifaríku gerðum öðrum til hagsbóta. Til að efla samstarf þarf að skoða forystuna, sérstaklega með tilliti til þess hver af leiðtogum skólanna geti komið á heildtækri forystu (Collarbone og West-Burnham, 2008; Higham, Hopkins og Matthews, 2009). Higham, Hopkins og Matthews (2009) fjalla um heildtæka forystu og telja að tilhneiging sé í þá átt að stofnanir vinni saman. Þeir segja hvatann liggja í nýjum stefnum einstakra ríkisstjórna, í vinnu einstakra sveitarfélaga og í rauninni í forystu skólanna sjálfra (bls. 2). Þeir segja einfaldlega að leiðtogi geti verið yfirkennari, skólastjóri eða reyndur kennari sem vinnur að því meginmarkmiði að efla og bæta getu og vellíðan nemenda í öðrum skólum eins vel og í sínum eigin. Hugtakið heildtæk forysta (e. *system leadership*) hefur verið skilgreint í skýrslu frá Pricewaterhouse Coopers Englandi (2007, bls 10.): „...hún tileinkar sér stjórnunaraðferðir sem horfa út fyrir mörk eigin skóla með þarfir samfélagsins í huga, það er tekur tillit til menntunar í samfélaginu, í héraðinu og á landsvísi“. Stjórnendur þurfi að breyta hugsun sinni um stjórnun þannig að þeir hverfi frá hugmyndum um að staða þeirra sé sérstök yfir í að deila henni með öðrum sem vinna í skólanum. Heildtæk forysta segja þeir að hámarki forystu þvert á kerfi. Markmiðið sé að brjóta múra sem hlaðnir hafa verið milli stefnu og framkvæmdar og skapa kerfi sem betur er fært um að læra að þróast. Til að skoða betur og skilja hugtakið heildtæk forysta vitna þeir í Innovation Unit 2007, (sjá Collarbone og West-Burnam 2008) en þar eru þrír grundvallarþættir hafðir til viðmiðunar þegar koma á varanlegum breytingum innan menntastofnunar:

1. Að byggja upp innan stofnana sjálfbærni starfsmanna til að starfa þvert á kerfi og að samstarfið sé með þeim hætti að enginn í samstarfinu finnist honum vera ógnað.

2. Að breiða út sömu færni og viðhorf út fyrir stofnunina. Byggja upp tengsl og þannig að hægt sé betur að vinna saman sem ein heild.
3. Að skapa andrúmsloft sem byggir á trausti og að fagfólk geti skipst á hugmyndum og þróast áfram sem fagmenn þar sem þeir treysta hverjir öðrum til að gaumgæfa starfsaðferðir og styðja aðra í faglegru starfsþróun.

Hjá þekkingarsetrinu í Nýheimum hefur stjórnendum fræðslustofnana tekist að vinna saman og koma á samstarfi með hagsmuni fullorðinna nemenda að leiðarljósi. Fullan (2005) segir að kerfi breyttist ef til er nóg af leiðtogum sem eru kerfishugsuðir. Þetta er það sem er átt við með „að hugsa út fyrir kassann“. Hugmyndin er að leiðtogar og annað starfsfólk menntastofnana vinni að sömu markmiðum út fyrir sína stofnun með hagsmuni nemenda ávallt að leiðarljósi. Þannig mætti ætla að samstarf fleiri stjórnenda stofnana leiði til þess að hægt sé að beina fullorðnum námsmönnum aftur til náms. Með því að kanna hagi þeirra er hægt að skipuleggja nám og framvindu þess til góðs fyrir þá sem það stunda. Þegar góð hugmyndafræði og framkvæmdir fara saman verða verkin öflugri og mikilvægari vegna þess að þau eru byggð á traustum grunni og framkvæmd. Rökin eru þá að kunnátta og yfirvegun stjórnenda sé lykillinn að sjálfbærni.

Mikilvægt er að koma auga á hvað það er í fari stjórnenda sem hefur þau áhrif að þeir efla samstarf og hugsa út fyrir kassann. Sjálfbærni einstaklinga er getan til að halda áfram án þess að brenna upp. Brighthouse og Woods skilgreina einkenni leiðtoga (sjá Fullan 2005) og skipta eiginleikum stjórnenda í þrennt, sá sem er orkugjafi (e. *energy creators*), sá sem er hlutlaus (e. *energy neutrals*) og orkusugan (e. *energy consumers*). Mikilvægt er að stjórnendur séu orkugjafar og leiði starfið sem koma þarf á með það í huga að breytingarnar verði varnlegar. Þeir eiginleikar sem taldir eru mikilvægir eru eiginleikar orkugjafans:

1. Þeir eru áhugasamir og alltaf jákvæðir.
2. Þeir nota gagnrýna hugsun.
3. Þeir eru skapandi og hugmyndaríkir.
4. Þeir hvetja og kveikja neista.

5. Þeir vinna að framkvæmd á öllum stigum.
6. Þeir geta og vilja skoða framkvæmd og eru tilbúnir að deila henni með öðrum.
7. Þeir vilja gera betur en áður var gert.

Hæfni leiðtoga sem nær þeim árangri að virkja aðra en þá sem koma beint að skólaskrifinu, til dæmis aðra í samfélaginu, er dæmi um útvíkkaða forystu (e. *extended leadership*) en hún felur í sér samvinnu sem felst í ráðgjöf, þjálfun og kennslu frá leiðtoga með sérstaka eiginleika og getu sem aðrir hafa ekki. Hann leiðbeinir eða þjálfar aðra leiðtoga til þess að þeirra starf eflist og bæti árangur. Mikilvægi heildtækrar forystu er samvinnu-grundvöllur sem getur stuðlað að því að breyta núverandi hug-myndum um forystu eða stjórnun í menntakerfinu (Collarbone og West-Burnam, 2009). Þessi hugmyndafræði nýtist skólakerfinu sérstaklega í smærri samfélögum þar sem samstarf er grundvöllur breytinga. Leiðtoginn sem kemur að starfinu, orkugjafinn sem kveikir neista og framkvæmir og virkjar aðra í samfélaginu til að koma á breytingum er ómissandi hlekkur í þessu ferli.

### 3.3 Fullorðinsfræðsla

Í rannsókn sem Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002) gerðu, á námsferli og námsgengi fólks sem fæddist árið 1975, koma fram mögulegar skýringar á brotthvarfi þeirra nemenda sem hættu í námi. Í rannsókninni er talað um „brottfall“ nemenda en ég kys að nota orðið brotthvarf þar sem fólk á það til að skilja hugtakið brottfall neikvæðum skilningi. Í inngangi rannsóknarinnar segir að brotthvarfshópur nemenda á Íslandi sé mjög stór eða næstum helmingur hvers árgangs sem þýðir þó ekki að það beri að líta á þann hóp sem einsleitan. Áhersla er lögð á að margbreytilegar ástæður liggja að baki því hvers vegna nemendur hætta námi sem og hversu miklu þeir höfðu lokið í námi þegar þeir hættu. Helstu ástæður brotthvarfsins voru þó eftirfarandi; að viðmælendum leiddist námið, var boðið gott starf, fjárhagsvandræði eða heimilsaðstæður. Einnig komu fram mjög sterk tengsl milli námsárangurs í lok grunnskóla og frammistöðu í framhaldsskóla. Tæplega helmingur viðmælenda taldi sig hafa tekið ranga ákvörðun þegar hann ákvað að byrja ekki eða hætta í framhaldsskóla.

Í nýlegri meistaraþrófritgerð sem rannsakaði þátttöku í fullorðinsfræðslu, var tilgangur rannsóknarinnar að varpa ljósi á það af

hverju stór hópur fullorðinna á vinnumarkaði tekur ekki þátt í þeirri fræðslu sem honum stendur til boða. Skipuleggjendur fræðslunnar voru spurðir um ástæður þess að þrátt fyrir að framboð á námi og fræðslu fyrir þá sem ekki hafa lokið formlegu námi sé mikið, þá virðist það ekki nægja til að laða að fullorðna til að taka þátt. Í niðurstöðum rannsóknarinnar er fjallað um að formgerð menntakerfisins hafi mikil áhrif á fræðslu fullorðinna. Skólakerfið mótar viðhorf fólks til náms og það hefur einnig stefnumótandi áhrif á viðurkenningu á því námi og fræðslu sem símenntunarmiðstöðvarnar bjóða upp á. (Halla Valgeirsdóttir, 2011). Einnig kemur fram að viðmælendur telja að formlega skólakerfið og uppbygging þess hamli því að nemendur hefji aftur nám. Halla segir að niðurstöður hennar „benda til þess að áhrif stjórnvalda séu mikil og því er nauðsynlegt að byggja upp heildrænni sýn á fjarveru frá fræðslu“ (bls. 78).

Til að leita skýringa þarf að skoða sjónarmið nemendanna sjálfra um hvers vegna þeir hófu aftur nám og hvort samstarf símenntunarstöðva, framhaldsskóla og annarra námstofnana geti hvatt fullorðna til náms. Samkvæmt rannsókn Höllu Valgeirsdóttur (2011) kemur fram að námsleiðir símenntunarmiðstöðvanna samræmast ekki formlega kerfinu og nemendur þurfa að fá nám sitt viðurkennt innan formlega skólakerfisins, það er í framhaldsskólanum, en samkvæmt starfsfólki stöðvanna hugnast mjög mörgu fullorðnu fólki ekki að hefja nám innan framhaldsskólans. Það er einnig athyglisvert að ein ástæða þess að fullorðnir komi ekki aftur í nám sé slæm reynsla af skólagöngu og lítið sjálfstraust. Niðurstöður gefa vísbendingu um að fólki hugnast betur að taka þátt í fræðslu innan símenntunarmiðstöðvanna og að því hafi gengið betur að fóta sig innan þess kerfis. Þar er lögð rík áhersla á sveigjanleika, stuðning og einstaklingsmiðun í allri fræðslu.

Í rannsókn á brotthvarfi og endurkomu í nám (Hulda Karen Ólafsdóttir, 2012) eru tekin viðtöl við fimmtán nemendur sem voru í námi þegar rannsókn fór fram og spurt hvers vegna þeir ákváðu að snúa aftur í nám eftir brotthvarf. Helstu niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna Höllu Valgeirsdóttur (2011), Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002). Nemendur voru ekki tilbúnir að velja sér leið og auk þess sem þroskaleysi og vinnu með námi hafi verið um að kenna. Einnig töldu þeir sig upplifa skort á upplýsingum frá skólunum og að þær upplýsingar sem voru fyrir, hefðu getað verið settar fram með markvissari og skýrari hætti. Hvatinn sem kom þessum viðmælendum aftur af stað í nám var að komast í betri störf og fá betri afkomu. Þetta bendir til að ráðgjöf hafi skort á sínum tíma og mikilvægt að kanna hvort hún sé til staðar að mati nemenda sem þiggja þjónustuna.



Rannsókn Dilworth (2010) beinist að faglega lærdómssamfélaginu í fullorðinsfræðslu. Hafa nemendur í fullorðinsfræðslu þörf fyrir annars konar nám eða fræðslu en veitt er á hefðbundnum skólastigum eða í svokölluðu formlegu námi? Er samvinna kennara meiri? Er öðruvísi skipulag þar eða ráðgjöf meiri? Rannsókn Dilworth (2010) beinist að fullorðinsfræðslu og hún rannsakar einnig áhrif fullorðinsfræðslunnar á persónulegan þroska nemenda og úthald þeirra. Niðurstaðan er að oft komi fram öflugri tilhneiging til náms og að námssamfélag eigi betur með að þróast í aðstæðum sem eru alls ekki eins fullkomnar og best gætu orðið. Í námssamfélaginu þar sem fullorðinsfræðslan er skilgreina kennarar sig, að mati Dilworth (2010), frekar sem teymi en faglegt lærdóms- og þekkingar-samfélag. Einn þáttur rannsóknarinnar beinist að skipuleggjendum og niðurstöður leiddu í ljós að kennurum fannst að þeim hafi vel tekist til við að koma á faglegu lærdómssamfélagi og að mikill stuðningur hafi komið frá skipuleggjendum og stjórnendum. Bæði kennurum og starfsfólki deildanna sem komu að fræðslunni fannst, eftir að námssamfélagið var eftt, að þeir ynnu betur saman og þar af leiðandi væri einangrun þeirra minni. Langflestir töldu sig læra meira hver af öðrum eftir átakið. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa samkvæmt Dilworth (2010) síðan haft áhrif alla sem koma að stefnumótun, stjórnendur og skipuleggjendur náms og kennara.

### **3.4 Náms- og starfsráðgjöf og stuðningur sammemenda**

Náms- og starfsráðgjöf hefur á undanförunum árum orðið hluti af þjónustu sem menntastofnanir bjóða upp á. Fyrir tuttugu árum síðan var slík þjónusta ekki til staðar úti á landi og flestir fóru í störf sem þeir þekktu í kringum sig í samfélaginu. Með samfélagsþróun og sérhæfingu starfa hefur þörf fyrir ráðgjöf um val á námi og starfi aukist. Náms- og starfsráðgjöf er sögð bregðast við þörf manneskjunnar fyrir vitneskju um störf og menntun sem boðið er upp á. „Starf ráðgjafans í samfélaginu er að veita aðstoð og hjálp og ráðgjafinn er þjálfaður til að veita meðbræðrum sínum sérhæfða aðstoð“ (Gibson og Mitchel, 2003 bls. 24). Fullorðnir nemendur sem snúa aftur til náms eftir áralangt hlé koma iðulega til baka með lítið sjálfstraust. Í þeim tilfellum skiptir ráðgjöf máli og hvers konar samband myndast á milli ráðgjafa og ráðþega. Sýnileikinn er mikilvægur, þ.e. að ráðþega finnist hann vera velkomin, og að ráðgjafi sé til staðar. Þetta á við um ráðgjöf í upphafi námsferils og mikilvægt er að allir, ekki bara ráðgjafinn, heldur allt starfslið menntastofnana sé með í að láta nemandann finna að hann skipti máli (Amundsen, 2003). Einkenni einstaklinga eða ráðgjafa, sem hafa mikil áhrif á framvindu námsferils eða starfsferils fólks sérstaklega þegar breytingar eiga sér stað, eru: „áhrifamiklir, hlýir og sýna umhyggju, þeir eru hæfir og

hugrakkir og tilbúnir að stíga út fyrir ramma fagmannsins og þeir gera meira því þeir eru heiðarlegir og áhugasamir um hvað nemandinn er að fást við“ (Amundsen, 2003 bls. 39). Námsráðgjöf er einn á móti einum ráðgjafasamband, sem beinir sjónum sínum að þörfum ráðþegans og persónulegum þroska í ákvörðunum og að leysa vandamál sem upp koma. Ráðgjöfin sem beinist að ráðþega er í fullum trúnaði. Í ráðgjöfinni er mikilvægt að hugsa um og taka tillit til bakgrunns þeirra er leita ráðgjafar þar sem núverandi aðstæður spegla þann veruleika sem áður var (Gibson og Michell, 2003; Corey, 2001).

Ef háskólar settu sér það markmið að skipuleggja sig þannig að þeir ýttu undir nám, hefðu þeir fyrir löngu komið sér upp árangursríkari kennsluaðferðum með samstarf sem forgang ekki sem undantekningu. Að mati Tinto (1997a) ýta háskólar undir einangrun nemenda og aðgerðarlaust nám (e. *passive learning*) þótt allir er koma að skipulagi náms viti að það eflir þroska nemenda að taka þátt í samstarfi og sameiginlegri reynslu, það er að nemendur séu virkir ekki óvirkir.

Athyglisvert er að ástæður brotthvarfs hjá íslenskum nemendum, samkvæmt niðurstöðum rannsókna, eru námsleiði og tilgangsleysi náms (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Mikilvægt er því að kanna hvers vegna nemendur telji mikilvægt að hefja nám á ný. Í rannsókn sem gerð var hjá einstaklingum sem hófu nám á fullorðinsárum kemur fram að þeir leggja á sig mikla vinnu í náminu og markmiðið var að komast að því hvaða áhugahvöt lá að baki þeirri ákvörðun að hefja aftur nám. Flestir viðmælendanna sögðust hafa verið í leit að auknum þroska og meiri hæfni í starfi. Um helmingur viðmælenda sögðust vilja koma að meira gagni í samfélaginu (Kristín Aðalsteinsdóttir 2013). Í námssamfélagi þar sem tilraun var gerð til að skipuleggja nám þannig að nemendur gátu unnið saman, kom í ljós að nemendur eyddu meiri tíma í nám við þessar aðstæður. Aukin félagsleg tengsl jukust í þessum námssamfélögum og betri tenging varð við námið og kennslu. Niðurstaðan er sú að nemendur eyða meiri tíma í nám vegna þess að þeim líkar að læra saman (Tinto, 1997a).

Í grein um námssamfélag bekkjar fjallar Tinto (1997b) um rannsókn á þrautseigju sem gerð var í skólasamfélagi í þéttbýli. Niðurstöðurnar renna stoðum undir hversu mikilvægt námssamfélagið er, sérstaklega námssamfélag bekkjar, samstarf nemenda innan bekkjarins leiddi í ljós að þeir luku frekar námi en þeir bekkir þar sem ekki var skipulagt samstarf. Meginniðurstöður rannsóknarinnar voru í fyrsta lagi að nemendur sem nýta sér samstarf og vinna saman í hópum mynda mikilvægan bakhjarl með hópnum sem er lýst sem tengslaneti. Í öðru lagi eru það þessar aðstæður

sem gera það að verkum að mörg ólík sjónarmið koma fram. Í þriðja lagi að gæði námsins eru meiri, námið var öðruvísi, dýpra og merkingarbærara í samstarfinu að mati nemenda. Rannsóknin beindist að nemendum tveggja hópa, annars vegar þeim sem bjuggu á stúdentagörðum og hins vegar þeim sem bjuggu utan háskólasvæðisins. Það sem kom mest á óvart var að fyrir fyrri hópinn skipti þetta litlu máli en fyrir seinni hópinn var mikilvægi þess að tilheyra hópi það sem skipti máli og ýtti undir nám. Í rannsókn (Tinto, 1997a) þar sem námssamfélag var skoðað þar sem skipulagt hafði verið að nemendur lærðu saman, var niðurstaðan að nemendur héldu frekar áfram námi. Það kom einnig í ljós að samstarf og samræður starfsfólks deildar var meira en í öðrum skólum. Niðurstaðan var sú með því að skipuleggja nám nemenda með það að markmiði að þeir vinni saman í hópi og læri hver af öðrum geri það að verkum að þeir hafi betra úthald og sýni þrautseigju í náminu. Starf og samvinna innan faglegra lærdómssamfélagsins eflist til muna.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Margrét A. Markúsdóttir (2010) fjalla um mikilvægi þess að nemendur efli með sér samskiptaþroska og samkennd. Nútímasamfélag byggir á flóknari samskiptum en áður tíðkaðist og auknar kröfur eru um hæfni fólks í samskiptum. Umræðan hefur beinst að hlutverki skólans og hvernig megi efla siðferðis- og tilfinningaþroska nemenda. Grunnskólinn er og verður vettvangur þessara umræðna en nú er tímabært að framhaldsskólinn taki þessa umræðu einnig upp hjá sér og skoði betur hvernig staðan er meðal nemenda. „Samfélagið kallar á meiri sjálfsaga og samábyrgð, það kallar á hæfni í samskiptum, að setja sig í spor annarra, samvinnu og getu til að skoða mál frá ýmsum sjónarhornum og komast að farsælum niðurstöðum í margvíslegum ágreinings- og álitamálum“ (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007 bls. 13).

Í niðurstöðum nýlegrar rannsóknar sem gerð var í Háskóla Íslands á brotthvarfi nemenda þar kom í ljós að brotthvarf nemenda, sem komnir voru vel á veg með að ljúka námi, hafði áhrif á almenna líðan þeirra og þeir fundu fyrir skömm og sektarkennd yfir því að hafa ekki lokið námi. Þeim fannst þeir hafa takmarkaða möguleika á vinnumarkaði án háskólagráðu og virðist því brotthvarfið hafa áhrif á sjálfsmynd nemenda (Hrafnhildur V. Kjartansdóttir 2010).

### **3.5 Samantekt**

Í þessum kafla hefur verið fjallað um faglegt lærdómssamfélag, mikilvægi námssamfélagsins og samvinnu þess með það að markmiði að efla nám nemenda. Þá er fjallað um heildtæka forystu en þær hugmyndir hafa þróast

undanfarin ár og byggja á þeirri grundvallarhugsun að leiðtogar vinni saman og að stofnanir er koma að menntun njóti starfs þeirra sem hafa náð árangri með því að þeir komi að samstarfi og þjálfun. Náms- og starfsráðgjöf hefur á undanförunum árum einnig verið mikilvæg fyrir þá sem snúa aftur í nám eftir hlé og upplýsingar um nám þarf að vera hluti af fræðslu til fullorðinna nemenda til þess að þeir komi aftur í nám eða að þeir haldi það út og ljúki námi. Upplýsingar, fræðsla og ráðgjöf er mikilvæg samkvæmt rannsóknum til að koma megi í veg fyrir brotthvarf nemenda úr námi.

## **4. Aðferðafræði rannsóknar**

Fulltrúar menntastofnana sem standa að námi hjá Nýheimum vildu rannsaka upplifun fullorðinna nemenda sem höfðu stundað nám hjá menntastofnunum í Nýheimum og nýtt sér þar aðstöðu til náms. Þeir vildu kanna hvort það nám sem stóð fullorðnum nemendum til boða hefði gagnast þeim og hvaða atriði hjálpuðu til við að ljúka námi við þær aðstæður sem í boði voru. Þeir vildu kanna hvort námsframboð hefði gert það að verkum að nemendum hugnaðist námið og luku því og hvort upplýsingar um námið hafi orðið til þess að þeir hófu nám að nýju. Rannsókn sem þessi gefur tækifæri til að skoða hvernig ólík og margbreytileg starfsemi getur sameinað krafta sína til þess að bjóða fólki með litla formlega menntun tækifæri til að bæta þar úr og auka persónulegan og faglegan þroska sinn. Mikilvægt er að kanna ástæður þess að þeir nemendur, sem snúið hafa aftur til náms, hættu í námi á sínum tíma. Þessi kafli fjallar um hvernig rannsóknin var framkvæmd, markmið hennar, rannsóknarspurningu, rannsóknaraðferð, val á þátttakendum, gagnasöfnun, viðtöl, skráningu viðtala og úrvinnslu gagna. Vegna tengsla minna við starfsemi Nýheima var ég beðin um að taka þetta verk að mér.

### **4.1 Undirbúningur rannsóknar**

Vinna við rannsóknina hófst í febrúar 2013. Rannsóknaráætlun hafði þá verið samþykkt. Leyfi voru fengin hjá stofnunum er standa að fullorðinsfræðslu í Nýheimum og aðstoð þeirra fengin við að finna viðmælendur. Tilkynning var send til Persónuverndar samkvæmt reglum um tilkynningaskyldu (Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000). Númer tilkynningarinnar er: S6074/2013. Leyfi voru fengin hjá þátttakendum og siðferðilegum reglum um framkvæmd rannsóknar fylgt til hlítar. Tekið var mið af fjórum meginreglum siðfræði rannsókna en þær eru sjálfræði, velgjörðir, skaðleysi og réttmæti (Sigurður Kristinsson, 2003).

### **4.2 Markmið rannsóknar og rannsóknarspurning**

Markmið rannsóknarinnar er að kanna upplifun fullorðinna nemenda sem stundað hafa nám hjá stofnunum Nýheima. Hvaða skoðanir þeir hafi á

framboði til náms og ráðgjafar. Hvaða hugmyndir þeir hafi um hvað betur mætti fara í skipulagi námsins til að koma mætti í veg fyrir brotthvarf. Hvað má gera betur til að hjálpa fullorðnum nemendum sem vilja ljúka formlegri menntun og hvernig samstarf stofnana getur stuðlað að því að nemendur ljúki námi. Gildi rannsóknarinnar felst í því að fá vísbendingar um hvernig skipuleggjendur náms í Nýheimum geti veitt nemendum sínum betri kennslu og aukið framboð á námi en það sem var fyrir út frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

**Rannsóknarspurning:** Hvaða áhrif hafa Nýheimar haft á tækifæri þátttakenda til frekari menntunar?

### 4.3 Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Í þessari rannsókn eru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir en þær henta vel til þess að skoða námssamfélag. Eigindlegar rannsóknaraðferðir í menntarannsóknnum beinast að því að skilja og lýsa mannlegri reynslu og þær miða gjarna að því að bæta stjórnun og framkvæmd. Í eigindlegum rannsóknnum eru hagnýtar spurningar lagðar til grundvallar: „fyrir menntarannsóknir þar sem rannsakandi fær svar við tilteknu vandamáli og getur brugðist við með því að bæta kennslu og námsferil“ (Ary, Jakobs, Sörensen, 2010 bls. 34).

Mikilvægur þáttur og eitt af sérkennum eigindlegra rannsókna er að skoða vandlega fáa hluti í stað þess að skoða einungis yfirborð margra (Lichtman, 2010). Í viðtölum og greiningu gagna í rannsókninni er stuðst við aðferð fyrirbærafræðinnar (e. *fenomenologia*). Markmið og tilgangur hennar er að lýsa og skilja kjarnann í mannlegri reynslu og eigin túlkun mannsins á þeirri reynslu. Vancouverskólinn í fyrirbærafræði byggir á þeim skilningi að sérhver einstaklingur sjái heiminn með sínum augum og að sýn hans mótist af fyrri reynslu hans og túlkun á þeirri reynslu (Sigríður Halldórsdóttir, 2003). Í ritröð Heimspekistofnunar um fyrirbærafræði segir Dan Zahavi um fyrirbærafræðina að ein af fimm meginstefnum hennar sé mikilvægi fyrstu persónunnar sem hefur leitast við að losa vísindin við hina mennsku sjálfsværu. „Öllu heldur er hugmyndin sú að sérhvert fyrirbæri, sérhver birting hlutar er alltaf birting einhvers fyrir einhverjum“ (Zahavi, 2008 bls. 18). Þegar kenningar fyrirbærafræðinnar eru nýttar til rannsókna þá velur rannsakandinn fyrirfram ákveðna reynslu hjá þátttakendum sem hann beinir sjónum að og þeir þátttakendur sem taka þátt í rannsókninni hafa upplifað þessa reynslu (Lichtman, 2010).

#### 4.4 Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru valdir með markvissu úrtaki (e. *purpose sampling*) en þá eru þeir valdir út frá tilgangi rannsóknarinnar, það er að þeir hafi allir verið í námi hjá menntastofnunum Nýheima eða nýtt sér aðstöðu sem þar er í boði. Menntastofnanirnar eru Þekkingarnet Austurlands, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og háskólarnir á Íslandi. Skipuleggjendur náms hjá Þekkingarnetinu voru fengnir til aðstoðar við val á þátttakendum. Þeir voru valdir með það í huga að þeir hefðu stundað nám, eða farið á námskeið hjá fullorðinsfræðslunni, notið annarar þjónustu svo sem námsráðgjafar á vinnustað eða farið í raunfærnimat. Markmiðið var að allir hefðu hafið nám vegna samstarfs stjórnenda Þekkingarnetsins og Framhaldsskóla Austur Skaftafellssýslu. Haft var í huga við úrtakið að þátttakendur væru af báðum kynjum og á mismunandi stað í námsferlinu. Í framhaldi af því fengu þeir, sem höfðu gefið kost á sér í viðtal, bréf um kynningu á tilgangi og gildi rannsóknar og kynningu á rannsakanda. Þegar komið var á samband milli rannsakanda og þátttakenda voru bréf send út um tímasetningar viðtala (Viðauki 1). Fyrir viðtalið voru þátttakendur upplýstir um rannsóknina og þeir beðnir að undirrita samþykki sitt (Viðauki 2). Eitt viðtalið var tekið í skólastofnun á Suðurlandi en sjö viðtöl í Nýheimum á Höfn, einn viðmælandi mætti ekki í viðtal. Viðtölin voru bæði við þá sem hafa lokið námi og einnig við þá sem hafa byrjað í námi hjá menntastofnunum en hafa enn ekki lokið því. Leitast var við að taka viðtöl við nemendur af mismunandi brautum. Nöfnin eru dulkóðuð og þátttakendur voru:

Árni sem byrjaði í námi hjá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu en er hættur í námi.

Egill er í námi hjá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu.

Helga sem hefur lokið námi frá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu.

Jakob sem er í námi hjá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu.

Nanna er í námi hjá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu.

Ólöf sem hefur lokið námi frá Háskólanum á Akureyri.

Sigurður hefur lokið námi frá Háskóla Íslands.

Sólveig er í námi hjá Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu.

#### 4.5 Gagnasöfnun

Í eigindlegum rannsóknum eru viðtöl og vettvangskannanir helstu aðferðirnar, viðtöl eru lykilatriði til að kanna viðhorf, afstöðu og upplifun

þeirra sem verið er að spyrja hverju sinni, „meðal þess sem greinir að viðtöl og aðrar gagnaaðferðir er að hægt er að grafast dýpra fyrir um umræðuefnið við hvern og einn sem talað er við“ (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008 bls. 109). Tilgangur með þessum viðtölum er að heyra hvaða sögu viðmælandinn hefur að segja, hans túlkun og á hans tungumáli. Notast var við viðtalstækni sem kallast djúpvíðtöl en það eru viðtöl sem lýst er sem samræðum milli viðmælenda og rannsakanda þar sem bakgrunnur er skoðaður, þá samtíminn og þessi tvö hugtök tengd saman til að skynja upplifun þátttakenda á því sem rannsóknin fjallar um (Lichtman, 2010; Ayr, Jakobs, Sörensen, 2010).

Viðtalsrammi var ákveðinn fyrirfram (Viðauki 3) og samdar voru opnar spurningar sem stuðst var við í öllum viðtölunum. Þeim var fylgt eftir að mestu en umorðaðar þegar við átti til að fá fram ítarlegri svör. Öll viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt. Rannsakandi skrifaði niður athugasemdir eftir hvert viðtal og talaði einnig athugasemdir inn á segulband. Við afritun viðtala voru einnig skrifaðar niður athugasemdir rannsakanda um þá tilfinningu sem hann fékk varðandi það hvernig viðmælandi brást við sem gat varpað ljósi á tilfinningalega upplifun þátttakenda í viðtalinu. Þá var tekið hlé frá vinnu og gögnin afrituð og skrifuð upp síðar.

## 4.6 Greining gagna

Í eigindlegum rannsóknum eru gögn greind eftir því hvers eðlis þau eru og í hvaða samhengi þau eru við rannsóknarspurninguna. Það sem einkennir greiningu eigindlegra gagna er leit að mynstrum og flokkum. Fyrst var efnið skoðað út frá þeim upplýsingum sem komu fram í textanum, markmiðið var að draga saman efnið þannig að það yrði ekki óviðráðanlegt og lyklu ávallt miðuð við rannsóknarspurninguna (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008). Mikilvægt í greiningu eigindlegrar rannsóknargagna er að setja sig vel inn í þau og þekkja þau ítarlega svo hægt sé að lykla og finna sameiginleg atriði meðal þátttakenda. Með því að greina gögnin og raða þeim síðan aftur í flokka og bera þau saman innbyrðis næst tenging við rannsóknarspurningu og fræðin. Alltaf var hugað að rannsóknarspurningunni og spurt hver væri rauði þráðurinn í gögnunum. Í öllum rannsóknum þarf rannsakandi að hafa í huga atriði um áreiðanleika, réttmæti og hlutlægni. Alltaf þarf að spyrja sig um gæði rannsóknarinnar og hvort hún sé nákvæm. Í eigindlegum rannsóknum eru hugtökin réttmæti og áreiðanleiki notuð til að réttmæt ályktun og samræmi sé dregin af gögnunum. Hugtakið trúverðugleiki er mikilvægt í eigindlegum rannsóknum; „trúverðugleiki í eigindlegum rannsóknum felur meðal annars í sér hversu vel rannsakandinn hefur sett fram niðurstöður



byggðar á rannsóknarsniði, þátttakendum og efni rannsóknar“ (Ayr, Jakobs, Sörensen, 2010 bls. 498). Þessi þáttur var hafður í huga þegar unnið var að skipulagi og niðurstöðum rannsóknarinnar.

Til að afla frekari gagna um rannsóknarefnið var tekið viðtal við tvo af stjórnendum menntastofnana Nýheima, einnig voru fengnar upplýsingar úr ársskýrslum Þekkingarnetsins og upplýsingar af heimasíðu sveitarfélagsins Hornafjarðar og heimasíðu Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Farið var vel yfir kynningarbréf og upplýst samþykki með þátttakendum áður en viðtal hófst. Þátttakendur voru minntir á að þeir gætu hvenær sem er hætt þátttöku í ferlinu.

## 5. Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá helstu niðurstöðum úr einstaklingsviðtölum. Tilgangurinn er að varpa ljósi á það hvaða skoðanir þátttakendur hafa á framboði á námi og viðhorf þeirra til ráðgjafar hjá menntastofnunum í Nýheimum.

Þátttakendur í rannsókninni eru allir fullorðnir nemendur sem hófu aftur nám af ýmsum orsökum. Þeir eru í námi eða hafa stundað nám hjá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu (FAS), Rannsóknarsetri Háskóla Íslands (HÍ) eða Háskólanum á Akureyri (HA). Flestir hafa einnig stundað fjarnám og háskólanemarnir hafa aðstöðu í Nýheimum. Einn nemandinn hafði lokið stúdentsprófi og framhaldsnámi eftir grunnskóla. Annar lauk vélstjórn strax eftir grunnskóla, en allir hinir höfðu farið í nám síðar á lífsleiðinni eða voru nýlega byrjaðir aftur í námi. Rætt var við átta nemendur, tveir fengu aðstöðu í Nýheimum til að stunda háskólanám í fjarnámi, fjórir nemendur eru í námi hjá FAS, einn hafði lokið námi þaðan og einn nemandi, sem rætt var við, var hættur í því námi sem boðið var upp á þar.

### 5.1 Nám eftir grunnskólann

Forsaga þátttakenda í námi er ólík; aðeins tveir höfðu lokið formlegu námi úr framhaldsskóla á hefðbundnum námstíma. Til að fá sem skýrasta mynd af bakgrunni þátttakenda var spurt um forsögu náms og ástæður brotthvarfs úr námi á hefðbundnum tíma. Hjá konunum var ástæðan bæði næg vinna og barnauppleði. Ein þeirra sagði að ástæður brotthvarfs hafi verið að hún hélt hún hefði engar forsendur til þess að vera í námi. Ástæður brotthvarfs hjá karlmönnum var að mestu atvinna en einn hætti þó af því að hann taldi sig ekki geta lært íslensku og stærðfræði.

#### 5.1.1 Heimili og börn

Fyrst var spurt um skólagöngu þátttakenda. Ólöf, Helga og Sólveig hættu allar í námi til þess að hafa til hnífs og skeiðar og sinna barnauppleði. Ólöf, sem hefur lokið hjúkrunarnámi frá HA, hætti í framhaldsnámi á sínum tíma eftir eins árs nám og ætlaði þá að taka sér stutt hlé:

...svo ætlaði ég að taka mér eitt ár í frí en þau urðu þrettán. Þá var ég búin að eignast þrjú börn og þá fór ég í Framhaldsskólann í

Austur-Skaftafellssýslu og kláraði ... fyrst sjúkraliðann ... kláraði svo stúdentinn sem sagt viðbótanám við sjúkraliðabraut.

Helga hætti í námi eftir grunnskólapróf og fór að vinna. Hún segir að alltaf hafi verið næga vinnu að fá. Hún er bóndi, auk annarrar vinnu og með stórt heimili. Aðspurð hvort hún hafi ekki fundið þörf til þess að fara í nám segir hún:

Ég fór að vinna og eiga börn en samt hef ég alltaf verið að hugsa um það lengi, lengi sko.

Sólveig hafði tekið framhaldsnám eftir grunnskóla en ekki lokið námi þar sem hún eignaðist barn og ákvað að taka sér hlé:

... Já, ég var búin með um það bil tvö ár þegar ég kem hingað ... ég ætlaði náttúrulega að fara í sjúkraliðann ... þá ákvað ég að forgangsraða og hugsaði með mér, námið getur beðið.

### 5.1.2 Næg vinna

Mismunandi ástæður lágu að baki þess að þátttakendur hættu í námi. Flestir töldu að námið hafi ekki hentað sér og að þeir hafi fengið nóga vinnu. Árni fór á vertíð eftir grunnskóla en Egill lauk vélstjórn. Egill hefur mikinn áhuga á náttúrufræði og langaði að læra meira: „fór svo í framhald, ég var alltaf á sjó og tók síðan vélstjóranám bara hlaða í grunninn og vonandi verður það bara næsta vetur að maður drífur sig að taka eitthvað náttúrutengt.“ Jakob lauk ekki grunnskólanámi á unglingsárum en lauk síðar á lífsleiðinni fyrsta stiginu í vélstjórninni, hann segir:

... að 92 náttúrulega búinn að vera á sjó mestmegnis allan tímann frá því ég hætti í skóla ... 92 ákvað ég að fara í Vélskólann. Ég ákvað að drífa mig í það og kláraði það bara og síðan vélstjóri eftir það ... það voru ekki gerðar kröfur sem sagt um íslensku, ensku og dönsku.

Nanna hætti eftir tvær annir í framhaldsskóla því hún átti auðvelt með að fá vinnu sem henni líkaði vel, en starfið sem hún er í núna krefst frekari menntunar. Um námið á sínum tíma segir hún:

... ég hafði bara ekkert að gera í skóla, enginn áhugi, ég var ekki þessi skólatýpa, já og svo bara fjölskylduaðstæður. Ég hafði alltaf smávegis púka hérna aftan á sem sagði að ég gæti þetta ekki.

Þátttakendur snúa aftur til náms til þess að fá formleg réttindi í starfi og til að bæta við sig menntun þar sem áhuginn liggur.

## 5.2 Aftur í nám

Fram kom í viðtölum að þátttakendur voru allir á einu máli um að nám í heimabyggð hefði haft úrslitaáhrif á það að þeir völdu að hefja aftur skólagöngu. Að hafa aðstöðu til að mennta sig nálægt heimilinu og að þekkingarnetið hafði auglýst aukið námsframboð í bæjarblaðinu Eystrahorni kom nokkrum þeirra á sporið. Auk þess höfðu þær upplýsingar sem þátttakendur fengu frá þekkingarnetinu á vinnustað þau áhrif að þeir sáu að hægt er að bæta við sig í námi og ljúka því. Ein ástæðan var að það er hópur sem getur tekið grunnáfanga saman. Þó kom upp vandamál hjá einum þátttakanda þegar hann þurfti að taka áfanga í fjarnámi.

### 5.2.1 Nám í heimabyggð

Hjá öllum þátttakendum skipti það höfuðmáli að boðið var upp á námið í heimabyggð. Ólöf sagði að hún hefði ekki farið aftur í nám nema vegna þess að það hafi verið boðið upp á það á Höfn:

... ég held ég væri ekki hjúkrunarfræðingur í dag ef ég hefði ekki séð auglýsingu að það ætti að fara af stað með þetta nám héðan, 2007 er svo hérna farið af stað með nám frá Háskólanum á Akureyri í hjúkrunarfræðum héðan. Já, mig langaði að prufa og ég ætlaði og það er boðið upp á þetta hér, ég vissi að það væri klásus fyrst það var boðið upp á þetta hérna. Við þurftum ekki að fara í burtu nema eina viku, ég reyndi það vel og þau urðu fjögur árin hérna.

Egill fór í nám eftir að hafa séð auglýsingu frá þekkingarnetinu um nám í heimabyggð og segir: „... og það var gefið kostur á þessu og þetta er náttúrulega í heimabyggð og um að gera að nýta það sem er komið ... “ Jakob segir að hann hafi verið á sjó en dreif sig í Vélstjóranám árið 1992 í FAS á Nesjum: „Ég ákvað að drífa mig í það og er síðan bara vélstjóri eftir það“. Hann bætir við að hann hafi síðan drifið sig í annað stigið í vélstjórn af því að það var boðið upp á það í heimabyggð.:

... Já, það var aðallega bara af því að það var boðið upp á að taka þetta hér ... ég hefði aldrei haft efni á að fara suður komin með fjölskyldu, það hefði aldrei gengið upp.

Árni sagði að eftir raunfærnimat hafi nokkrir farið í vélvirkjunarnám en vegna þess að það þurfi að taka það í fjarnámi eða fara til Reykjavíkur væru nokkrir hættir:

... Við eigum að fara að sækja eitthvað annað, fjarnám eitthvað svoleiðis. Fjarnám er eitthvað sem hentar mér ekki en svo eins og ég segi þegar það kemur að þessum sérfögum og þegar það kemur

út fyrir þennan hefðbundna ramma eins og FAS er að kenna að vísu eru þeir með vélstjórnina stundum ennþá bara fyrsta og annað stigið og þá þarf að sækja suður.

Sigurður hafði lokið hefðbundnu námi og hóf aftur nám vegna breytinga í starfi og í framhaldi af því fékk hann námsleyfi:

... ég var bara í þessu námi ..., fyrir mér er þetta vinna og ég fæ skrifstofu á Nýheimum og fæ alla aðstöðu þar og ég bara mæti þar í vinnuna klukkan átta á morgnana og er þar til fimm á daginn og er þar í dálítið skemmtilegri umræðu við það fólk sem þarna var.

### 5.2.2 Upplýsingar um nám

Mikilvægt er að kanna hvort að upplýsingar um námsframboð komist til skila til almennings. Þátttakendur fréttu af náminu eftir auglýsingu og fengu upplýsingar um námið hjá starfsfólki þekkingarnetsins. Ólöf segist hafa séð auglýsingu í bæjarblaðinu Eystrahorni um nám:

... já, ætli það hafi ekki verið þekkingarnetið að menn þurftu að sækja um. Umsóknin var ekki bindandi og það var bara verið að kanna hvort það væri grundvöllur fyrir kynningafundur og eitthvað svona og það náttúrulega mættu nokkrar.

Helga vildi ekki byrja aftur í námi fyrr en hún hefði átt góðan tíma með börnunum og þau komin á legg. Þegar hún sá auglýsingu frá þekkingarnetinu fékk hún áhuga á að kynna sér námið:

... Já, eitthvað sem heitir aftur í nám ... og ég fór í það, þótt að það væri kannski hugsað fyrir þá sem eru að ljúka einhverju iðnnámi ... en alla vega þá ... ég byrjaði aftur og ætlaði að vita það hvort ég gæti lært. Það væri bara fullorðið fólk og já, síðan bara var þetta ekkert mál og þá bara gaman og þá bara dreif ég mig með krökkunum í skólann já ...

Nanna sá einnig auglýsingu frá þekkingarnetinu:

... það kemur náttúrulega þekkingarnetið og auglýsingin bara frá þekkingarnetinu um fullorðinsnám og bara hvatningin frá þeim og þá fór ég bara að skoða þetta ... og þetta hentaði mér mjög vel eftir vinnu. Ég byrjaði í skólanum klukkan fjögur og búin klukkan sex.

Það hjálpaði Sólveigu að taka námskeið seinni partinn á daginn: „...ætli það hafi ekki verið fyrr en þegar það byrjaði svona öldunganámi eða svona námskeið seinni partinn á daginn“. Hún fær upplýsingar eins og aðrir þátttakendur í gegn um þekkingarnetið. Starfsfólk þess kom á vinnustað Sólveigar:

... Það var örugglega bara hún Ragga sem miðlaði því hérna hvort það var á vinnustaðnum sem ég var að vinna eða eitthvað álíka og þær komu og kynntu að það væri svona fjarnám frá VA.

Egill segir að upplýsingar um nám hafi verið vel kynntar:

„Þær hafa verið, sko það er alltaf sent í hús bara á öll heimili, já það fer örugglega á öll heimili í sýslunni hvað er í boði, svo hafa þau verið með kynningar hérna frammi líka í föstudagshádeginu, sko kynna já hvað er í boði hjá Þekkingarnetinu“.

Árni fékk upplýsingar um nám hjá Þekkingarnetinu og fór síðan í raunfærnimat í vélvirkjun. Jakob segir hins vegar að það sem var boðið upp á í tilboðinu *Aftur í nám* hafi komið sér af stað:

Já, ég meina þetta var eins og byggt upp á því að, *Aftur í nám*, sem var tekið upp akkúrat á þessum tíma sem hentaði mér svakalega vel það var alveg það, var svolítið íþyngjandi þessi próf ...

### 5.3 Ráðgjöf og hvatning

Þátttakendur eru spurðir hvort hvatning og ráðgjöf hafi verið þættir sem skiptu máli varðandi það að fara aftur í nám. Það virðist sem fullorðnum námsmönnum komi á óvart hve ráðgjöf, hvatning og trú á þeim sem nemendum skipti þá miklu máli. Þekkingarnetið bauð upp á raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf og áhugasviðsgreiningu. Þátttakendur höfðu einnig fengið greiningu á námserfiðleikum eins og lesblindu og greiningu um athyglisbrest og ofvirkni. Að fá ráðgjöf og greiningu um námserfiðleika, sem þeim var ekki kunnugt um þegar þeir voru áður í námi, skipti þátttakendur miklu. Fyrir þá sem höfðu langa vinnusögu var raunfærnimat mikilvægt þar sem þeir geta fengið nokkra af sinni reynslu metna.

#### 5.3.1 Þekkingarnetið - Ráðgjöf

Ólöf segist hafa fengið hvatningu og stuðning frá starfsmönnum þekkingarnetsins:

... Það er svo ekkert mál að fara í nám þegar maður hefur svona manneskju eins og hana sem telur manni trú um það að maður geti þetta og að þetta er vinna, þetta er erfitt og það allt saman en maður er bara ótrúlega klár, maður bara getur þetta af því maður hefur ofboðslega góða hvatningu frá henni.

Helga og Egill fengu bæði ráðgjöf og hvatningu frá Þekkingarnetinu. Þar fékk Egill líka greiningu um lesblindu og hann segir:

... bæði hvatningu, stuðning og ráðgjöf ... já, maður var bara ekki svona vitlaus bara. Það var gríðarleg breyting að fá þessa greiningu, þessa lesblindu það svona reif mann af stað.

Nanna og Sólveig fengu báðar hvatningu og ráðgjöf frá Þekkingarnetinu. Nanna fór í viðtal um námið og þar var rætt um hvernig hún gæti skipulagt sitt nám: „ ... við töluðum bara um það hvar mitt áhugamál, og hún lét mig vita hvað væri í boði.“ Sólveig fór í áhugasviðsgreiningu og fékk hvatningu:

... hvenær sem hún sér mig og lætur mig vita, heyrðu ég var að tala við háskólann og þeir ætla að fara með þetta nám, þú veist hún virðist alveg vera með hundrað prósent á hreinu hvað ég ætla mér og hún er búin að taka mig í starfsgreiningu.

Jakob og Árni segja að ráðgjöf og raunfærnimat sem þeir fengu hjá Þekkingarnetinu hafi komið þeim af stað aftur í nám. Árni og Jakob fengu báðir greiningu um lesblindu. Árni telur það eina af ástæðunum fyrir því að fjarnám í gegnum tölvu henti sér illa:

... sko við, það er kannski óhætt að segja að hérna 50 – 60 % af þessum sem fórum í þetta raunfærnimat við eigum allir við þessa við þetta að etja, lesblindu og það allt saman, og fyrir mig þá hentar engan veginn að vinna á tölvu.

### 5.3.2 Styrkur hópsins - Samnemendur

Sigurði og Ólöfu finnst stuðningurinn og hvatningin frá samnemendum vera mikilvæg. Ólöf segir:

... við vorum náttúrulega sex sem byrjuðum vorum fimm fyrsta árið, svo vorum við fjórar allan tímann. Við höfðum ofboðslegan stuðning hver af annarri við vorum tvær vinkonur sem fórum í þetta og svo kynntumst við bara hinum.

Sigurður segir að andrúmsloftið og umræðan hafi skipt miklu máli og aðstaðan í Nýheimum. Nemendur hafi hvatt hvern annan áfram:

... Ég fæ lánaða skrifstofu í Nýheimum, við vorum tvö þar saman með okkar skrifstofu og þetta var bara okkar vinnustaður ... já, og viðmótið, þetta jákvæða viðmót. Þarna voru fleiri að læra. Þarna voru fimm hjúkrunarfræðingar að læra í einu herberginu og svo voru mastersnemar í einu, þarna skapaðist umræða og menn voru í grunninn að gera það sama ... og við studdum hvert annað þegar menn komu brjáláðir út úr einhverju verkefni þá settumst við niður og hjálpuðum ... ef maður mætti ekki einhvern daginn eða var fyrir

sunnan þá var tekið eftir því og það var áhugi, ánægja þegar maður kom til baka.

Af lýsingum Sigurðar að dæma er greinilegt að í þekkingarsetrinu myndaðist hvetjandi lærdómssamfélag. Enn fremur virðist sem mikilvægur þáttur þess að nemendur haldi í sína þrautseigju sé að öðrum, samferðafólki þeirra í náminu, standi ekki á sama um þeirra hagi. Nönnu fannst til að mynda gott að komast í hóp með öðrum nemendum. „Já, maður datt alveg inn í grúppu sko ... og það er hvatning og smá samkeppni, hvað fékkstu bara sjö ... ef maður mætir ekki þá æ, æ, ertu nokkuð hætt?“. Forvitnilegt er að vita hvort skipuleggjendur Nýheima hafi séð þetta fyrir þegar þeir hófu undirbúning þekkingarsetursins.

## 5.4 Samfélagið og stofnanir Nýheima

Stjórnendur menntastofnana innan Nýheima lögðu upp með metnaðarfulla áætlun. Framhaldsskólinn skipulagði nám fyrir fullorðna og fjarnám í iðngreinum. Þekkingarnetið skipulagði og kannaði þörf innan samfélagsins á hvaða nám ætti að fara af stað með. Hjúkrunarnámi var hleypt af stokkunum eftir þarfagreiningu á öllu Austurlandi í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

### 5.4.1 Aðstaða og þjónusta við nemendur

Sveitarfélagið Hornfjörður veitir nemendum í fjarnámi á háskólastigi aðstöðu til náms. Það eru rúmgóð herbergi þar sem nemendur geta stundað nám í gegnum fjarfundabúnað. Nemendur leigja lykil fyrir sanngjarna upphæð og þekkingarnetið heldur utan um þessa þjónustu. Sigurður segir að það hafi hjálpað mikið að fá þessa aðstöðu og geta þannig einbeitt sér að náminu.

... Við gátum tekið prófin þarna, maður þurfti ekki að fara suður í þau ... og það er mikill munur, maður gat ljósritað þarna og maður gat gert allt og fengið næði til að hlusta á alla fyrirlestra í tölvunum eða hvað sem er þannig að aðstaðan var mjög námsvæn og virkar hvetjandi af því að þegar þú ert kominn á þennan aldur þá hefur þú nægilegt sjálfstæði til að klára þetta en þú þarft líka jákvætt umhverfi því þetta er erfitt.

Ólöf segir að aðstaðan hafi skipt miklu máli:

... Já, þetta er ómetanlegt fyrir bæjarfélagið að hafa þetta. Mér finnst þeir sem eru að nota þjónustuna hérna bara mjög jákvæðir út



í þetta, maður getur bara leigt lykil, maður getur bara komið hérna og haft alla þessa aðstöðu að læra undir próf og allt þetta bara, eins og ég segi, þetta er lyftistöng

Egill er fullviss um það að hann hefði ekki farið aftur í nám ef þessi aðstaða í heimabyggð væri ekki fyrir hendi:

... Ég er ekkert viss um það að maður væri orðin þetta jákvæður að drífa sig aftur af stað hefði maður ekki, fyrst og fremst verið hérna inni. Kannski væri ég enn bara út á sjó.

Í Nýheimum er til húsa bókasafn og einnig skólabókasafn FAS. Þátttakendur í náminu eru þakklátir fyrir bókasafnið í Nýheimum og segja að stafs menn þess hafi stutt dyggilega við bakið á þeim í fjölbreyttri verkefnavinnu:

... bókasafnið styður við mann þú veist bæði með bækur til þess að velja fyrir alls konar verkefni í skólanum og ráðleggja manni, já hjálpa alveg sama hvar ég drep niður fæti alltaf tekið vel á móti manni.

Ólöf nefnir líka starfsfólk þekkingarsetursins bæði húsvörð og starfsmenn bókasafnsins:

... allt starfsfólk hérna þetta er bara ótrúlegt. Það er ómetanlegur stuðningurinn sem maður fær hérna og bókasafnið bara þær voru svona hérna eins og mömmur okkar.

#### **5.4.2 Samfélagið**

Í litlu samfélagi eins og á Höfn fylgjast margir með og hafa áhuga á því starfi sem á sér stað innan Nýheima. Þátttakendur upplifðu að margir í samfélaginu fylgdust með þeim og hvernig námið gengi. Þetta kemur fram hjá Ólöfu:

... og eftir fyrsta árið þá var það einhvern veginn þegar jólaprófin voru eða vorprófin og maður hitti einhvern úti í búð að það var spurt hvernig gengi, það voru allir einhvern veginn að fylgjast með og eins og maður var að segja ef maður hættir þá yrði það kannski svolítið ... það að við værum að svíkja samfélagið það voru allir að fylgjast með ... og hérna meira að segja framhaldsskólinn lánaði prentara í inn í stofuna. Tölvuþjónustan hérna, verslun í næsta húsi pantaði fyrir okkur ... það eru allir boðnir og búnir.

Ætla má að stærð samfélagsins ýti undir þá kennd nemenda að þeim finnist eins og það skipti máli hvort þeir ljúki sínu námi eða ekki. Þannig

mætti segja að þrautseigjan ráðist einnig af væntingum annarra, hvort nemendur fái það ekki á tilfinninguna að öllum sé sama um nám þeirra. Aðrar stofnanir, eins og rannsóknarsetrið og bókasafn, höfðu áhrif til hvatningar á nemendur sem fá aðstoðu til náms í Nýheimum. Sigurður sagði að aðstaðan hefði skapað fræðilega umræðu og hvatningu frá öðrum sem voru í vinnu og námi:

... orðræðan, það að ræða, þá sérðu málin frá svo mörgum hliðum og það er galdurinn við Nýheima. Þarna var fólk úr öllum geirum og allt með háskólamenntun og hafði farið í gegn um þetta, og í grunninn alveg það sama og þannig að viðhorf og fleira speglast í því. Það var alltaf hvatning að vera þarna. ... Nýheimar veita aðstoðu þar verður til akademísk umræða þarna er fullt af stofnunum innan dyra og kaffitímarnir suðupottur af umræðuflötum sem að efluðu mann ...

Til dæmis má nefna að húsvörðurinn er einn af lykilpersónum í starfi háskólanemanna. Hann fylgdist með framvindu náms hjá þeim. Samkvæmt skýrri verkaskipan felst það ekki í verkahring húsvarðar að láta sig nám nemenda varða, en þar sem litið er á Nýheima sem samfélag frekar en vinnustað sjálfstæðra og ólíkra aðila tekur húsvörðurinn þátt í samfélaginu eins og allir aðrir sem þar koma saman. Þátttakendum í rannsókninni leið sem þeir tækju þátt í því að gera Nýheima að þekkingarsetri. Ólöf segir frá því að þeir tóku þátt í að hanna aðstöðuna:

... Við fengum að vera með þegar verið var að móta þetta, allt í einu var komin eldhúsinnrétting hérna frammi hún var ekkert þegar við byrjuðum. Svo var kominn sófi ...

### **5.4.3 Framhaldskóli Austur-Skaftafellssýslu (FAS)**

FAS býður fullorðnum nemendum upp á P-áfanga sem eru áfangar fyrir námsmenn við skólann sem eru í vinnu og fá að mæta þegar þeir geta. Einnig er boðið upp á fjarnám. Þátttakendur eru sáttir við að geta verið í sjálfsnámi. Helga var svo heppin að geta bæði stundað dagnám og fjarnám. Hún byrjaði í námi með vinnu og fór síðan í dagnám og segir þetta frábært:

... þá byrjaði ég aftur ætlaði að vita það hvort ég gæti lært. Þar væri bara fullorðið fólk. Síðan bara var þetta ekkert mál og bara gaman og þá dreif ég mig með krökkunum í skólann og ... líka meðan ég var að vinna þá bara mætti ég þegar ég gat, ef ég gat fengið að fara úr vinnu og svona ...

Sólveig er mjög ánægð með P-áfanga kerfi en finnst samt eins og að það vanti miðlægt kerfi og hún bætir við:

... í raun og veru uppgötva ég þetta þegar fer í sjúkraliðanámið að fyrst ég er orðin svona fullorðin, ég var orðin yfir 26 ára gömul, þá var í boði að skrá sig í svona p-áfanga þá fengi ég ekki fjarvistir ... við vorum svona í lausu lofti við vorum að klára þetta frá VA en sátum alltaf hér í FAS þannig að hérna mér finnst svolítið enginn eiga mig að ég ætti hvergi í rauninni heima.

Nanna hóf aftur nám eftir að minna varð að gera hjá henni með börn og búskap ... :

... ég fór að skoða þetta og þetta hentaði mjög vel eftir vinnu, byrjaði í skólanum klukkan 4 og búin klukkan 6 tvisvar í viku og það bara hentaði mjög vel þannig að ég tók það og hélt svo áfram ...

Jakob er þakklátur FAS og því að hann hafi að mestu getað stundað námið í sjálfsnámi. Hann segir FAS vera eina skólann sem hafi boðið upp á nám í vélstjórn á þriðja stigi:

... já, í FAS þetta er eini skólinn alla vega þá var eini skólinn sem bauð upp á þetta. Það eru strákar eða menn með mér í náminu alls staðar af landinu. Í verklegu lotunum í Reykjavík höfum við verið héðan og þaðan.

Árni hljómar ósáttur við að hafa ekki lokið en er ánægður með það sem hann gat klárað:

... það hentaði mér að koma hér í FAS og eins og í kælitækni áfangann sem við tókum hérna, þá mættum við bara á föstudögum klukkan fjögur og vorum til sex. Þá bara höfðum við þessa rútínu og maður mætti, ekkert mál.

#### **5.4.4 Þekkingarnetið- Símenntunarmiðstöð**

Þekkingarnetið er í góðum tengslum bæði við FAS, stofnanir innan Nýheima og við stofnanir í samfélaginu. Allir þátttakendur tala um að þekkingarnetið veiti góðar upplýsingar, kanni þörf á menntun innan samfélagsins og heimsæki vinnustaði til að kanna áhuga fólks á að hefja aftur nám. Þátttakendur í rannsókninni upplifa hins vegar að kerfin vinni ekki saman þegar kemur að mati á námi og símenntunarkerfið bjóði upp á námskeið sem síðan formlega kerfið metur ekki. Árni byrjaði í námi eftir raunfærnimat hjá þekkingarnetinu og fór síðan í FAS og hyggst ljúka námi sínu þar:

... Þá förum við í raunfærnimat og komum nokkrir bara nokkuð vel út úr því. Þá er ákveðið að fara að læra og við erum náttúrulega settir í íslensku og stærðfræði sem okkur vantaði svo þegar kemur að sérfögunum þá býður FAS ekkert upp á það. Við eigum að fara að

sækja eitthvað annað fjarnám, eitthvað svoleiðis og við erum allir hættir ... Þetta voru fjögur atriði sem ég átti eftir og það er eiginlega grátlegt að hætta.

Árni sagði að þetta eigi við um nokkra sem hafi ekki treyst sér í fjarnám eða að fara lengri leiðir frá heimili, jafnvel til Reykjavíkur að klára. Jakob er ákveðinn að ljúka náminu en segir:

Við vorum sjö, átta sem fórum í þetta. Ég held ég sé sá eini sem er eftir, ... ég fékk fullt metið í gegn um þekkingarnetið og já ég fer í mat hjá þeim og þeir meta fullt af greinum en Vélskólinn segir svo bara nei. Þetta er ekki það sama, fæ svo ekki metið hjá þeim.

Árni og Jakob eru báðir mjög sáttir við raunfærnimatið en Árna finnst að sumir fáir meira metið en aðrir af því að þeir séu svo mælskir:

Þeir sem eru ekki nógu kjöftugir þeir þurfa að taka fleiri einingar en þeir sem voru nógu kjöftugir og gátu kjaftað sig í kring um hlutina.

Jakob er mjög sáttur með raunfærnimatið og að geta fengið metna áfanga:

... svo átti ég að fara í kælitækni líka, sem var núna. En ég var svo sniðugur í fyrra að ég fór í mat. Ég náttúrulega dreif mig í mat, tók prófið og fékk prófið ... það var þekkingarnetið, þekkingarnetið ekkert annað.

## 5.5 Samstarf stofnana

Að lokum voru þátttakendur spurðir að því hvort Nýheimar og samstarf stofnana innan Nýheima hafi gert þeim kleift að hefja aftur nám og gefið þeim tækifæri til frekari menntunar. Sigurður er mjög þakklátur og ánægður með Nýheima og finnst gott að geta verið í umræðunni sem þar skapast og honum finnst mikilvægt að aðstoða aðra nemendur sem voru í svipaðri stöðu og hann segir að fullorðnir nemendur séu þakklátir fyrir að fá tækifæri til að fara aftur í nám:

... Það gerist í svona samstarfi af því að þarna er samstarf, þarna er þekkingarnetið í Nýheimum sem er starfstöð. Það tengir sig framhaldsskólanum og háskólasetrinu og þarna verður til einhver umræða sem segir: Prófum þetta eða prófum þetta.

Ólöf sagði frá hjúkrunarnáminu sem hún var í, að það hafi verið samstarf þekkingarnetsins og Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands sem kom náminu af stað. Allir í húsinu aðstoðuðu:

... Ragnhildur hélt utan um þetta. Hún og Nína þær voru algjörlega með okkur og hérna húsverðirnir yndislegir og svo náttúrulega bara aðstoðin sem maður fékk á bókasafninu líka.

Jakob hefur ekki hætt í sínu námi og stefnir á að klára það, hann segir að auglýsing frá Þekkingarneti, raunfærnimat og möguleika á að stunda sjálfsnám á vegum Framhaldsskólans hafi gert það að verkum að hann muni ljúka námi. Hann er ekki í vafa um að þessi tækifæri í heimabyggð og sjálfsnám hafi gert það að verkum að hann lýkur námi. Hann svarar spurningunni um hvort hann telji að menntastofnanir Nýheima hafi gefið honum tækifæri til að hefja aftur nám: „Ekki spurning, en það vantar aðeins að klára dæmið. Þetta er allt í einu eins og við vorum orðnir einhver böggull eða eitthvað, veit það ekki“. Árni segir að þrátt fyrir að hann hafi hætt sé mikilvægt að þekkingarsetrið sé til staðar fyrir samfélagið. Hann var einnig ánægður í náminu:

... ég held það tvímælalaust. Það eru svo margir það er í hjúkruninni. Þær eru búnar að hoppa inn í þetta svo það er svo margt hér sem hefur verið ýtt út í til þess ná sér í réttindi. ... það var voðalega gaman að þessu, menn komu sér á óvart í þessu ... svo voru konurnar með okkur í þessu. Þær voru líka að taka með okkur í þessum íslenskuáfanga og ensku og þetta ... Ætli það hafi ekki verið þrjátíu í hópnum þetta var nú enginn smáhópur ... já það voru allir að rembast,- gúrúarnir.

Nanna sagði að samstarf stofnana Nýheima hafi haft áhrif á tækifæri hennar til að hefja aftur nám:

... eins og bara með þetta ég fer í gegnum þetta á vegum Þekkingarnetsins en er samt í FAS og hvarflar aldrei neitt annað að mér. Það er ekki spurning ég hefði ekki farið í þetta nám ef þetta hefði ekki verið til staðar.

Jakob sagði einnig að Þekkingarnetið og framhaldsskólinn hafi gert það að verkum að hann hóf aftur nám:

... Já, já, tvímælalaust gert það. Maður hefði aldrei lagt af stað í þetta nema af því að maður fór í þetta raunfærnimat, þar virðist eins og togstreita á milli stofnana í raunfærnimatinu eins og þegar það átti að fara í raunfærnimatið í vélstjórninni þá gátu þeir aldrei komið sér saman í Tækniskólanum um hverja ætti að senda til að taka mennina út í vélstjórninni.

Egill sagði að það sé ekki spurning að sú fræðsla á vegum FAS sem á sér stað fyrir fullorðna hjá Nýheimum hafi haft áhrif á það að hann hóf aftur nám:

... Nýheimar, Þekkingarnetið, og ekki bara mér heldur mörgum í samfélaginu. Það munar gríðarlega, eins og þetta fjarnám hérna. að geta verið í sambandi við kennarana alls staðar.

Helgu fannst hugmyndin um Nýheima góð:

... góð hugmynd, að hafa þetta allt hérna í sama húsinu ... það er alveg hjólað í kring um mann hvar sem maður kemur hérna. Ég held það sé bara jákvætt alla vega miðað við að það fara varla neinir krakkar í burtu í skóla nema það sé eitthvað sérstakt þannig að mér finnst mjög jákvætt viðhorf og mér finnst allir vera brosandi og glaðir. Mér finnst það vera merki um það að allir séu að vinna saman.

Sigurður vill hvetja minni sveitafélög að byggja svona Nýheima:

... Já, ég hvet fólki til að byggja svona Nýheima og tengja þetta saman þetta er stuðningur við framhaldsskólann, við bókasafnið, við háskólasetrið og þetta er menntasmiðja og umræða sem styrkir og menn eru stoltir af þessu.

Helga, sem er að ljúka námi í FAS, er spurð hvort það hafi verið vel tekið á móti henni og hvort hún hafi fengið ráðgjöf: „Já, allir vilja allt fyrir mann gera“. Spurð um samstarf stofnana segir hún: „Já, já ég varð svo sem ekki vör við það þannig að það hefur verið góð samvinna“.

## 5.6 Samantekt

Auglýsing sem kemur í Eystrahorni um hjúkrunarnám í samstarfi við Háskólann á Akureyri, og auglýsingin Aftur í nám um fullorðinsfræðslu verður til þess að margir þátttakendanna sjá möguleika á að hefja aftur nám. Þessi vinna starfsfólks Þekkingarnetsins og samstarf við framhaldsskólann og háskóla veldur því að þátttakendur byrja í námi að nýju. Mikilvægt var að náms- og starfsráðgjafi Þekkingarnetsins hafði heimsótt vinnustaði og kannað þörfina á námi. Hann hefur einnig greint námserfiðleika hjá nemendum og þeir fengið upplýsingar um námsleiðir. Nokkrir þátttakendur höfðu áður farið í raunfærnimat á vegum Þekkingarnetsins og fengið áfanga metna. Þátttakendur segjast allir hafa fengið tækifæri til að fara aftur í nám og mennta sig vegna stofnana Nýheima og vegna samstarfs þeirra. Einn lauk ekki námi vegna þess að erfitt

reynist að samræma kerfi þekkingarnetsins, símenntunarkerfisins og kerfi framhaldsskólans. Einnig eru hnökrar á framvindu námsins fyrir þátttakendur þar sem ekki næst í hópa á hverju ári í áfanga vegna smæðar samfélagsins og námskeið eru því haldin annað hvert ár. Þá má nefna að námsörðugleikar valda því að fjarnám virkar ekki sem námsleið fyrir alla, t.d. þá sem glíma við lestrarerfiðleika.

## 6 Umræður

Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf fullorðinna námsmanna til námsframboðs og skipulags á námi hjá þekkingarsetrinu Nýheimum. Hvort samstarf fræðslustofnananna hafi veitt fullorðnum námsmönnum sem stundað hafa nám þar tækifæri til að halda aftur á stað í nám. Leitast er við að svara rannsóknarspurningunni: Hvaða áhrif hafa Nýheimar haft á tækifæri þátttakenda til frekari menntunar?

Meginniðurstaðan bendir til þess að þátttakendur hafi allir verið mjög sáttir í sínu námi og telja að þeir hafi allir á einhvern hátt haldið aftur af stað í nám vegna skipulags og samstarfs fræðslustofnana Nýheima. Þungavigtin er að boðið er upp á nám í heimabyggð og þátttakendur ítreka mikilvægi þess þáttar. Aðstaðan sem veitt er háskólanemendum, svo sem skrifstofur og fjarfundabúnaður á staðnum, er einnig ítrekað nefnt sem hvetjandi þáttur. Þá er mikilvægi náms- og starfsráðgjafar sem felst bæði í áhugasviðsgreiningu, ráðgjöf vegna námserfiðleika og raunfærnimati nefnt sem mikilvægur þáttur. Hvatning alls starfsfólks sem kemur að þjónustu við viðmælendur og samnemendur hafði einnig áhrif á þátttakendur. Að mínu mati myndaðist í Nýheimum lærdómssamfélag þar sem hvatning á jafningjagrundvelli var höfð til hliðsjónar. En faglegt lærdómssamfélag er skilgreint sem samfélag fag- og starfsfólks hjá fræðslustofnunum sem hafa þann tilgang að bæta nám nemenda með samvinnu þeirra (Bolam, Stoll og Greenwood, 2007). Viðmælendur töldu einnig að könnunin, sem gerð var af náms- og starfsráðgjafa þekkingarnetsins um mat á hvaða nám hentaði fólki í samfélaginu, hefði leitt í ljós að þörf var á að bjóða upp á áfanga á framhaldsskólastigi fyrir hóp fullorðinna og að skipuleggja það seinni hluta dags. Það hafi verið fyrsta skrefið í átt að því að setjast á skólabekk.

Þrátt fyrir að vera sjálf fylgjandi hugmyndafræði ráðgjafar og hvatningar kom mér á óvart í niðurstöðunum hversu mikilvægur þessi þáttur er fyrir fullorðna námsmenn. Greinilegt er að þörf er á hvetjandi ráðgjöf fyrir fullorðna nemendur. Þessi áhugi starfsfólks menntastofnana á námi og framvindu náms þeirra nemenda sem höfðu hafið nám, og lausnir sem skipuleggjendur fræðslunnar buðu upp á, hefur hvatt aðra í samfélaginu og virkjað fólk til náms.



## 6.1 Brotthvarf - Fullorðinsfræðsla

Ýmsar ástæður liggja að baki brotthvarfi nemenda úr námi. Mér lék hugur á að vita hvers vegna viðmælendur mínir hættu á sínum tíma í formlegu námi. Svör þeirra voru í samræmi við niðurstöður rannsóknar Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) og Huldu Karenar Ólafsdóttur (2012) að nemendur voru ekki tilbúnir að velja sér nám, þeim leiddist námið, næg vinna og vinna með námi auk þess félags- og fjárhagslegar ástæður. Einnig nefndu viðmælendur mínir lítið sjálfstraust og litla trú á eigin getu til að takast á við námið. Einn viðmælandi líkti þessu við að hafa þúka aftan í höfðinu sem fullvissaði hann um að hann gæti þetta ekki.

Einn þátttakandi í rannsókninni hafði byrjað aftur í námi eftir raunfærnimat. Hann hófst handa og tók alla áfanga sem hægt var en hætti síðan vegna þess að ekki var hægt að kenna alla áfanga á staðnum og hann þurfti að fara í fjarnám eða nám langt frá heimabyggð til þess að ljúka áföngum. Hann treysti sér ekki í fjarnám vegna lesblindu og segist ekki komast í áfanga kennda annars staðar vegna vinnu. Rannsókn Höllu Valgeirsdóttur (2011) fjallaði um þátttöku í fullorðinsfræðslu og í þeirri rannsókn var rætt við starfsfólk símenntunarstöðva. Tilgangur þeirrar rannsóknar var að varpa ljósi á af hverju stór hópur fullorðinna tekur ekki þátt í þeirri formlegu fræðslu sem honum stendur til boða. Skipuleggjendur fræðslunnar voru spurðir um ástæður þess að framboð á námi og fræðsla fyrir þá sem ekki hafa lokið formlegu námi virtist ekki nægja til að laða að fullorðna til þátttöku. Svo virðist sem formgerð menntakerfisins hafi mikil áhrif á fræðslu fullorðinna og að skólakerfið hafi mikil áhrif á mótun viðhorfa einstaklinga til náms. Einnig kemur fram í rannsókn Höllu Valgeirsdóttur (2011) að fullorðnu fólki hugnast ekki að hefja nám innan framhaldsskólans.

Þetta samræmist að hluta til niðurstöðum úr minni rannsókn því nemendur sem höfðu nýtt sér námskeið þekkingarnetsins sögðu að þeir fengju þau ekki metin innan FAS eða formlega kerfisins. Þetta á við þrjá af viðmælendum mínum sem einnig kvörtuðu undan því að þeir hefðu verið óöruggir um hvað væri í boði og hvað væri metið. Skipuleggjendur námsins könnuðust við þessar athugasemdir og sögðu að formlega kerfið hefði verið of stíft skilgreint en það stæði til bóta með nýjum framhaldsskólalögum. Eins og kemur fram í svörum þátttakenda í rannsókn minni hefur samstarf fræðslustofnananna í Nýheimum orðið til þess að nemendur skipuleggja nám sitt með þeim hætti að þeir fái það samþykkt í formlega kerfinu.

Í rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við starfsfólk símenntunarstöðva kemur fram að þeim finnst nemendum geðjast betur að stunda nám sem skipulagt hefur verið hjá þeim þar sem sveigjanleiki, stuðningur og einstaklingsmiðlun eru höfð að leiðarljósi í allri fræðslu. (Halla Valgarðsdóttir 2011). Hjá þekkingarnetinu virðist sem skipuleggjendur fræðslu hafi tekið höndum saman og sameinað þetta þrennt; stuðning, sveigjanleika og einstaklingsmiðlun og nýtt það til góðs fyrir nemendur þannig að þeir gætu lokið námi sínu innan formlega kerfisins í heimabyggð.

Einum þátttakanda í rannsókninni fannst erfitt að eiga við formlega kerfið og hætti þess vegna en er bjartsýnn á að hann geti síðar tekið það sem eftir er í heimabyggð. Annar þátttakandi sem tók námskeið á vegum símenntunar, það er hjá þekkingarnetinu og einnig námskeið hjá FAS minnst á að honum hafi fundist hann vera í lausu lofti og að hann ætti hvergi heima. Þetta samræmist rannsóknnum um brotthvarf nemenda úr námi sem hafði áhrif á sjálfsmynd nemenda. Enginn af þátttakendum upplifðu þó að finna fyrir skömm eða sektarkennd. Þeir upplifðu frekar þá tilfinningu að þetta væri því miður ekki hægt á þessari stundu en þegar kemur að því að framboð á námi, sem þeir eiga eftir, verður á Höfn þá hyggjast þeir ljúka sínu námi.

## 6.2 Faglegt lærdómssamfélag.

Í skipulagi náms fyrir fullorðna þarf að huga að öðrum þáttum en fyrir ungt fólk sem heldur áfram í námi beint eftir grunnskóla. Fullorðnir námsmenn hafa oft mikla reynslu af vinnumarkaði og margbreytilegan bakgrunn. Þegar nám er skipulagt eru skammtímamarkmið gjarna höfð í hávegum og árangur nemenda nær eingöngu mældur með prófum. Fagleg lærdómssamfélög eru mótvægi við þessa hugsun og hafa að markmiði að veita bjartsýni til framtíðar með hugmyndafræðinni um samvinnu og samræðu náms-samfélagsins frekar en fyrirskipanir og staðlanir (Hord og Sommers 2008; Senge o.fl. 2000., Hord 2009). Skipuleggjendur fræðslu á Höfn í Hornafirði höfðu það fyrst og fremst í huga að skoða sitt nærsamfélag og að kanna þörf á hvaða nám vantaði og hvernig hægt væri að koma til móts við fullorðna námsmenn sem vilja halda aftur til náms. Þeir ákváðu ganga til samstarfs og leita lausna.

Fullan (2007) telur að skýra þurfi betur tilgang breytinga (e. *meaning*) til að fá betri skilning á þeim innan menntastofnana. En tilgangur breytinganna hjá Nýheimum fólst í samstarfi stjórnenda þar um að bæta nám og skapa fullorðnum nemendum tækifæri til að ljúka námi. Í þessari rannsókn var lögð áhersla á að heyra hvað nemendur sögðu um námið og hvort þeir hafi

lokið námi vegna þessa samstarfs. Niðurstaðan bendir til þess að það sem skipti sköpum fyrir þátttakendur, sem byrja aftur í námi, að boðið var upp á það í heimabyggð. Tilgangurinn með námi fyrir fullorðna var að fólk gæti fengið réttindi að því loknu sem tengist starfsvettvangi þeirra, auka þekkingu á ákveðnu efni og efla persónulegan þroska. Starfsfólk þekkingarnetsins heimsótti vinnustaði, mat þörfina á námi og samvinna hófst við framhaldsskólann um skipulag fræðslunnar. Samvinna og samræða námssamfélagsins hefur skilað þeim árangri að fullorðnir nemendur hafa betri tækifæri til að afla sér menntunar en áður. Með skilvirku samstarfi náms- og starfsráðgjafa þekkingarnetsins og skólameistara FAS hefur þeim tekist að virkja fullorðna nemendur til að hefja aftur nám. Grunnhugsunin hjá skipuleggjendum námsins er að það sé ein heild og að hafa fagmenntaðan starfsmann á staðnum en ekki í öðru sveitarfélagi „í öðrum kassa“, en það skiptir miklu máli. Þarna hefur stjórnendum menntastofnana Nýheima tekist að koma á heildtækri forystu þar sem stjórnendur þurfa að breyta hugsun sinni um stjórnun þannig að þeir hverfi frá hugmyndum um að staða þeirra sé sérstök yfir í að deila henni með öðrum sem vinna í skólanum. Markmiðið sé að brjóta múra sem hlaðnir hafa verið milli stefnu og framkvæmdar og skapa kerfi sem betur er fært um að læra að þróast (Collarbone og West Brunam 2008; Higham, Hopkins og Matthews 2009).

Í rannsókn Dilworth (2010) um hið faglega lærdómssamfélag fullorðinsfræðslu er sjónarhorninu beint að styrk. Fullorðinsfræðslan er einstök að hennar mati og hefur styrkleika og afl sem starfsfólk stofnana komi ekki alltaf auga á. Styrkur fullorðinsfræðslunnar hjá menntastofnunum Nýheima er að mínu mati samstarf stjórnenda eða annarra. Mikilvægt er að koma auga á styrk fullorðinna sem er sú reynsla nemenda sem þeir taka með sér inn í lærdómssamfélagið. Að hvetja þá til þess að fara í raunfærnimat, kanna í samfélaginu þörf á námi og veita nemendum upplýsingar er mikilvægt. Fullorðnir nemendur leggja mikið á sig til að hefja aftur nám og setjast margir hverjir á skólabekk eftir langan vinnudag. Þekkingarnetið kannar þörf á námi og af svörum nemenda er hægt að skipuleggja nám við hæfi sem nýtist einstaklingum í samfélaginu. Gott dæmi um slíkt er þegar vélstjórinn, sem hafði verið án tilskilinnar formlegrar menntunar, gat hafið nám við stofnun í heimabyggð. Hjúkrunarfræðingur gat lokið náminu með aðstoð fjarfundabúnaðar og góðrar aðstöðu í heimabyggð svo annað dæmi sé tekið.

Ef heildarmyndin er ekki skoðuð, bæði litlu og stóru atriðin, þá misheppnast oft breytingarnar og nemendur upplifa oft breytingarnar á annan veg en fyrirhugað var af skipuleggjendum. Varanleikinn gengur út að allir, nemendur og starfsfólk þess náms sem verið er að koma á fót, séu sáttir og

telja breytingarnar vera af hinu góða. Skipuleggjendur náms hjá Þekkingarsetrinu og Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu hafa að mínu mati haft sveitarfélagið með sér frá upphafi. Í fyrsta lagi með hugmyndinni að byggingu þekkingarsetursins með nokkrar stofnanir innanhúss sem styðja hver aðra. Hugmyndafræðin um vísindagarða var vel nýtt og húsið byggt þrátt fyrir að margir í samfélaginu gagnrýndu að það yrði allt of stórt og lítið notað. Seigla, úthald og samvinna hefur að mínu mati komið á samfélagi sem ýtir undir nám. Þarna hafa skipuleggjendur fræðslu náð að virkja samfélagið innanhúss sem og sveitarfélagið og það kom skýrt fram í niðurstöðum rannsóknarinnar að viðmælendum fannst að samfélagið, allir í kring um þá, væri að fylgjast með framvindu námsins og hvað væri í boði.

Í hugmyndafræði Senge og samstarfsmanna hans (2000) um námsfúsa skóla og kenningar Fullan (2007) um menntabreytingar er lögð rík áhersla á mikilvægi baklandsins til þess að koma á breytingum. Þetta kemur einnig fram í meistaraprófsritgerð Eyglóar Illugadóttur (2011) þar sem segir að niðurskurður hafi haft neikvæð áhrif á góða og markvissa uppbyggingu meðal stofnana Nýheima. Hjá framhaldsskólanum, sem fram að hrúni 2007 var með stöðuga aukningu nemenda bæði í námi við dagskólann og í fjarnámi, var framboð námsgreina í fjarnámi skorið niður eftir hrún. Þekkingarnet Austurlands, sem hafði lagt áherslu á að fara nýjar leiðir til að nálgast fólk með litla formlega menntun og greitt götu þeirra með námskeiðum og fjarnámi, fór þá leið eftir niðurskurð að fækka stuttum námskeiðum og bjóða lengri námsleiðir í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fyrirtæki á staðnum. Skipuleggjendur fræðslu hafa þó ekki lagt árar í bát heldur brett upp ermarnar, bætt skipulag og hafið samstarf.

### **6.3 Heildtæk forysta - Samstarf fræðslustofnana**

Eftir lestur um sjálfbærni, leiðtogahefni og heildtæka forystu komst ég að þeirri niðurstöðu að skipuleggjendum fræðslu hjá þekkingarsetrinu Nýheimum hefur verið umhugað um að temja sér samstarf og umræður um hvað hægt væri að gera til að leita lausna um nám handa fullorðnum námsmönnum. Námsfúsu skólarnir hafa mikið verið í umræðunni á meðal skólafólks. Þar fjalla höfundar um skólann sem lærir, að breytingar verði ekki gerðar með skipunum eða reglugerðum heldur að breytingar verði varanlegar þegar skipulagið felst í að endurskapa og endurskipuleggja og alltaf tekið mið af náminu. Skipuleggjendur náms hjá fræðslustofnunum Nýheima með sveitarfélagið sem bakland hafa haft í huga að skoða skólana og fræðslustarfið allt sem skipulagsheild sem tekur breytingum, þar er byggð upp leikni og þekking til þess að bæta starfshætti. Skipuleggjendur

fræðslu á Höfn höfðu það að leiðarljósi að starfa saman sem net og ein heild; að þeirra mati var mikilvægt að skoða sitt samfélag vel og heyra skoðanir þeirra sem nýta sér þjónustuna.

Til að byggja upp sameiginlega sýn hópsins segir Senge (1990) að hún komi frá sýn (e. *vision*) einstaklingins og þaðan fær hópurinn kraft og skuldbindingu (e. *commitment*). Sýn eins einstaklingsins í samfélaginu nær að virkja skipuleggjendur í faglega lærdómssamfélaginu í þekkingarsetrinu Nýheimum. Hugmyndafræðin að leita lausna og vinna ekki í hólfum heldur sem net og í samstafi hefur náð að festa sig í sessi. Hagnýtt stefnumál, að koma af stað námi sem er skipulagt með þarfir nemenda í samfélaginu, er haft að leiðarljósi. Farið var af stað með nám eftir að þörfin var könnuð. Góðar upplýsingar voru fyrir hendi og verðandi nemendur og áhugasamir samfélagsþegnar gátu fengið góðar og aðgengilegar upplýsingar.

Hjá þekkingarsetrinu í Nýheimum hefur stjórnendum fræðslu tekist að vinna saman út fyrir kerfið og koma á samstarfi með hagsmuni fullorðinna nemenda að leiðarljósi. Líkt og Fullan (2005) talar um, að kerfi breytist reglulega aðeins ef til er nóg af leiðtogum sem „hugsa út fyrir kassann“ (bls. 29). Framhaldsskólinn skipulagði námsferlið og áfanga, bæði í dagskóla, fjarnámi og dagnámi. Sveitarfélagið í samstarfi við þekkingarnetið leigir út námsaðstöðu og gerir háskólanemendum í fjarkennslu kleift að hafa rúmgóða aðstöðu innan þekkingarsetursins og geta þannig unnið saman og stundað nám við annan skóla í heimabyggð. Þetta var gert með því að kanna þörfina innan samfélagsins og finna lausnir í sameiningu

Stjórnendur Nýheima hafa að mínu mati sterka einstaklingsýn og vísa ég í einstaklingssýn Senge (1990) um að þessi sýn þurfi að vera til staðar til að sameiginleg sýn námssamfélagsins verði til. Í námfúsa skólanum er þetta talið mikilvægt til þess að vinna samstarfsfólk á sitt band. Fullan (2007) fjallar um þrjá eiginleika leiðtoga, einn af þeim er orkugjafinn. Eiginleikar orkugjafans eru til dæmis að hvetja og kveikja neista og á að mínu mati við stjórnanda þekkingarnetsins. Það kemur fram í viðtölum að hann ýtir úr vör hugmyndum, hvetur, fylgir eftir og hrífur aðra með sér til þátttöku og samvinnu. Það að aðrir stjórnendur taki undir einstaklingsýn og vinni áfram og með hópnum verður til þess að heildarmyndin þróast og festist í sessi.

## 6.4 Náms- og starfsráðgjöf – Samnemendur

Það sem kom mér mest á óvart var hve náms- og starfsráðgjöfin var stór þáttur í að nemendur tóku þá ákvörðun að halda aftur af stað í nám. Mikilvægi náms- og starfsráðgjafa er að koma upplýsingum um nám og störf til nemenda. Einnig einstaklingsráðgjöf um greiningar til dæmis á lesblindu. Þá gátu nemendur einnig fengið tækifæri á raunfærnimati sem ýtti undir ákvarðanir um að hefja aftur nám. Þetta styður mikilvægi þess að hafa fagmenntaðan náms- og starfsráðgjafa sem aðstoðar nemendur við að fóta sig aftur í námi.

Fyrir þá sem hafa farið strax út á vinnumarkað eftir grunnskóla er mikilvægt að fá góða náms- og starfsráðgjöf þar sem þeir fá fræðslu og leiðbeiningar um hvaða menntun þeir hafa áhuga á og hvaða hæfni þeir þurfa í samræmi við áhuga og störf og hvernig þeir geti skipulagt námið með vinnu og heimili. Einnig kom það fram að ráðgjöf og greining á námsörðugleikum kom nemendum á óvart. Þeir tjáðu sig um að þeir hefðu ekki vitað um þessa örðugleika fyrr og það skýrði hvers vegna fyrra nám hafði ekki gengið sem skyldi.

Náms- og starfsráðgjöf er sögð bregðast við þörf um vitneskju um störf og menntun sem boðið er upp á í starfsumhverfi sem sé sífellt sérhæfðara, „Það sem felst í starfi ráðgjafans í samfélaginu er að veita aðstoð og hjálp og er starfsgrein þar sem þjálfunin felst í að veita sérhæfða aðstoð samferðamönnum sínum“ (Gibson og Mitchell, 2003 bls. 29). Í niðurstöðum mínum kemur fram að hvatning og ráðgjöf hafi verið mikilvægur þáttur í að viðmælendur hófu aftur nám og luku því. Starfsmaður Þekkingarnetsins á staðnum, faglærður náms- og starfsráðgjafi, aðstoðar nemendur og hvetur til dáða. Fullorðnir nemendur sem halda aftur til náms eftir áralangt hlé frá námi sneru oft til baka með lítið sjálfstraust og litla trú á getu sinni. Í þeim tilfellum skiptir ráðgjöf máli og hvers konar samband myndast á milli ráðgjafa og ráðþega.

Sýnileiki ráðgjafa er mikilvægur, að ráðþega finnist hann vera velkominn og að hann hafi góðar upplýsingar um ráðgjöf og hvar hana megi finna. Sérstaklega á þetta við í upphafi námsferlis en þá er brýnt að allt starfslið menntastofnana sé samtaka í því að láta nemandann finna að hann skipti máli: „Að skipta máli ... trú fólks að þeir skipti máli fyrir einhvern annan að þeir séu hluti af athygli einhvers annars og að öðrum sé ekki sama um hann og kunni að meta hann“ (Amundsen, 2003 bls. 39). Þessi áhersla kom skýrt fram í niðurstöðum rannsóknarinnar, að þátttakendum fannst að allir hefðu

áhuga á því sem þeir væru að gera, húsvörðurinn, starfsfólk bókasafnsins og annað starfsfólk létu sér annt um velferð þeirra.

Niðurstöðurnar benda til þess að ráðgjöfin hafi verið mikil hvatning og hafi gert það að verkum að þeir hófu aftur nám. Lesblindugreining, raunfærnimat og upplýsingar um námið eru helstu áhrifavaldar þátttakenda.

Í rannsóknnum um brotthvarf er fjallað um að nemendur upplifa skort á upplýsingum frá skólum og þær upplýsingar sem voru fyrir hefðu mátt vera settar fram með markvissari hætti (Hulda Karen Ólafsdóttir, 2012; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Í niðurstöðum mínum kemur fram að þátttakendur telja að góðar upplýsingar um nám hafi haft þau áhrif að þeir hófu aftur nám. Þetta er mikilvægt atriði sem skipuleggjendur náms, sérstaklega með tilliti til náms með vinnu, þurfa að hafa í huga.

Þátttakendum sem voru í háskólanámi fannst aðstaðan í þekkingarsetrinu Nýheimum ýta undir nám og samvinnu og að tækifæri þeirra til faglegrar umræðu við aðra nemendur skipti máli. Í námssamfélagi þar sem tilraun var gerð til að skipuleggja nám þannig að nemendur gátu verið að vinna saman, kom í ljós að nemendur eyddu meiri tíma í nám í þessum aðstæðum. Reynsla Nýheima er þar í samræmi við niðurstöður úr rannsókn Tinto (1997a). Að nemendur sem starfa í samstarfi og vinna saman mynda mikilvægan bakhjarl með hópnum sem er lýst sem tengslaneti. Í öðru lagi eru það þessar aðstæður sem gera það að verkum að mörg ólík sjónarmið koma fram. Í þriðja lagi, að gæði námsins eru meiri. Námið var öðruvísi, dýpra og merkingarbærara í samstarfinu að mati nemenda.(Tinto, 1997a).

## 6.5 Samantekt

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum stofnana Nýheima hvetur sveitarstjórnin til aukins samstarfs og samvinnu meðal menntastofnana í sveitarfélaginu. Á Hornafirði háttar svo til að sveitarfélagið er eitt fræðsluumdæmi. Bygging þekkingarsetursins Nýheima var á sínum tíma framfaraverk í bæjarfélaginu og krafðist það hugrekksis að fara af stað með svo mikið verk.

Eftir að hafa heimsótt þekkingarsetrið Nýheima, tekið viðtöl við þátttakendur þar og hitt starfsfólk sem þar starfar fékk ég á tilfinninguna að allir séu stoltir af starfseminni sem þar er og að þar ríki hugarfar stofnana-menningar, þ.e. að hvetja til náms og umræðu um nám. Andrúmsloftið bar með sér að þarna var gott að vera og þarna var gaman að læra og allir tóku

vel á móti nemendum og aðstoðuðu eins og hægt var. Þeir sem þarna nema hafa einlægán áhuga á því starfi sem fram fer innanhúss og hafa metnað til að stunda nám og vilja hvetja hver annan til góðra verka. Greinilegt er að smæð samfélagsins hefur sína galla. Erfitt getur verið að bjóða upp á ólíka valkosti fyrir nemendur í formi námskeiða og hnökror geta verið á að ná utan um það skipulag sem þarf fyrir námsfyrirkomulag sem þetta. Engu að síður virðist mér sem kostir smæðarinnar vegi upp gallana. Að vegna smæðar samfélagsins er auðveldara að byggja upp lærdómssamfélag á borð við það sem Senge (1990) lýsir í fræðum sínum. Sú nánd sem myndast á grundvelli þess að um lítið samfélag er að ræða hefur hvetjandi áhrif. Það eitt og sér hefði þó ekki nægt til þess að móta lærdómssamfélag. Hefðu upplýsingar um námið ekki verið kynnt á hvetjandi hátt, hefði áreiðanlega ekki tekist jafnvel upp sem skyldi.

Allir viðmælendur mínir í rannsókninni sögðu að Nýheimar og samstarfið þar á milli menntastofnana hafi aukið tækifæri þeirra til að hefja aftur nám. Samstarf um að kanna hvaða þörf innan samfélagsins, og skipulag þess í samstarfi við framhaldsskólann, aðstaða í heimabyggð og síðast en ekki síst hvatningin og ráðgjöf sem var til staðar gerði þetta mögulegt. Þá get ég ekki látið hjá líða að minnst á að þátttakendur í rannsókninni voru skilningsríkir varðandi það ef að áfangar sem þeir hefðu þurft að taka voru ekki kenndir nákvæmlega á þeim tíma sem hentaði þá þyrfti að safna í hóp og kenna þá síðar. Það kom einnig fram að símenntun og námskeið á vegum símenntunarstöðva eiga langt í land með að vinna að samræmingu áfanga við formlega kerfið. Stjórnendur skipulags fræðslu hjá Nýheimum halda að það muni breytast með nýjum framhaldsskólalögum. Jákvæð og uppbyggjandi umræða og samstarf í hópnum hefur að mínu mati áhrif til að efla faglegt lærdómssamfélag og festa það í sessi.

Rannasakandi þarf ávallt að velta fyrir sér álitamálum þegar niðurstöður eru skoðaðar. Ég taldi að fjarlægð mín við þátttakendur og sveitarfélagið Hornafjörð myndi gera það að verkum að minnka áhrif mín eða starfs míns á rannsóknina. Ég vinn sjálf sem náms- og starfsráðgjafi og hef alltaf verið þeirrar skoðunar að samvinna innan námssamfélags sé nauðsynleg, til að hlúa að og hvetja, til þess að nemandinn ljúki náminu og líði vel með framvindu sína í náminu. Þess vegna fannst mér þessi hugmynd um að kanna hug fullorðinna námsmanna mjög spennandi; að skoða hvað nemendum í fullorðinsfræðslu fannst virka. Það kom mér þess vegna á óvart að ég hafði ómeðvitað sett starfsgrein mína til hliðar og ekki gætt að hversu mikilvæg náms- og starfsráðgjöfin var þátttakendum og brást þess vegna



ekki nógu vel við í að styrkja spurningar í þeim þætti viðtals til þess fá meiri upplýsingar um þann þátt í svörum þátttakenda. Í vinnu við rannsóknar-áætlun hafði ég mikið velt fyrir mér hugtökum eins og úthaldi og þrautseigju og virðingu í stað náms- og starfsráðgjafar. Það var í raun ánægjulegt fyrir mig að komast að því hversu starf náms- og starfsráðgjafans getur teygt sig víða og tengt saman starf og skipulag meðal stofnana.

Vera kann að niðurstöður rannsóknar sýni samstarf menntastofnana Nýheima á mjög jákvæðan hátt en staðreyndin er sú að öllum þátttakendum fannst tilboðin hjá fræðslustofnunum góð og nytsamleg fyrir þeirra nám. Ég tel að kraftur og elja leiðtoga þekkingarnetsins og fagleg þekking annars vegar sem fagmenntaður náms- og starfsráðgjafi og þekking hans hins vegar á uppbyggingu samfélagsins hafi virkjað aðra stjórnendur annarra stofnana til þess að ganga í lið með honum til að ná fram þeim markmiðum að fullorðnir geti haldið af stað aftur til náms og lokið því.

## 7. Lokaorð

Þrátt fyrir að lítið námssamfélag fólks hafi verið kannað í þessari rannsókn þá tel ég að mikill metnaður og samstarf liggi að baki hjá skipuleggjendum þess á Höfn. Nýjar hugmyndir eru notaðar til að ná til fullorðins fólks og bjóða því fjölbreyttari aðstoð og námstilboð og sýnir það mikinn metnað. Samstarf og samræður þeirra hafa að mínu mati leitt til þess að nýjar hugmyndir hafa fæðst í samræðu fagfólks er kemur að skipulagi náms hjá Nýheimum. Ný tilboð á námi og upplýsingar um námið eru aðgengilegar öllum í samfélaginu. Lausnamiðuð nálgun um að leysa málin og að vinna sem heild hefur ávallt verið höfð að leiðarljósi og skilað þeim árangri að notendum finnst ánægjulegt, og eru stoltir af, að ljúka sínu námi í heimabyggð.

Til þess að þessar jákvæðu lausnir sem stjórnendur hafa komið á séu komnar til að vera þarf að huga að næsta skrefi, að þær endist til góðs fyrir alla þrátt fyrir að stjórnendur eða skipuleggjendur séu ekki þeir sömu. Mikilvægt er að eftir sitji námsframboð og leiðir sem skipta máli og eru komnar til að vera. Auðvelt er að leggja til breytingar innan menntakerfisins en erfiðara er að framfylgja þeim og erfiðast er að gera þær sjálfbærar (Hargreaves, 2006).

Það er mín von að sú orka og úthald sem stjórnendur og skipuleggjendur náms við Nýheima hafa lagt á sig skili árangri í framtíðinni. Net og mannaflí innan samfélagsins nýtist í áframhaldandi skipulagi stjórnenda og starfsfólks sem kemur að því að fá fullorðna námsmenn aftur í nám til að ljúka formlegri menntun, bæði til að ná sér í réttindi og til að auka persónulegan þroska. Þetta byggist á trausti, trú og hvatningu sem hefur verið til staðar í samstarfinu milli þessara meginstofnana sem koma að menntun hjá Nýheimum. Mikilvægt er fyrir skipuleggjendur náms hjá Nýheimum að staldra við og hugsa hvað það var sem virkaði best. Það er afar bagalegt að ekki sé lengur fagmenntaður náms- og starfsráðgjafi í vinnu hjá Þekkingar-netinu (nú Austurbrú) og slæmt að leita þarf eftir faglegri þjónustu frá öðru samfélagi. Þá er að vissu leyti farið aftur í það far sem skipuleggjendur lögðu upp með að breyta. Skipuleggjendurnir sjálfir segjast standa á tímamótum en þeir vilja halda í þá grunnhugsun að vinna sem net en ekki á stöðvum einn og einn heldur sem ein heild. Mín skoðun er að sú vinna sem skipuleggjendur náms innan menntastofnana Nýheima hafa unnið hafi leitt

til sjálfbærni og hafi þau áhrif að þrátt fyrir mannbreytingar haldi það góða og lausarmiðaða starf áfram sem komið hefur verið á fót í fullorðinsfræðslunni.

Eftir að hafa gert þessa rannsókn á námssamfélagi í þekkingarsetrinu Nýheimum spyr ég mig um gagnsemi og hvað má læra af því að heyra í fullorðnum nemendum sem koma aftur í nám. Ég er sannfærð um það að hægt er að taka mark á samstarfi skipuleggjanda náms hjá menntastofunum Nýheima, yfirfæra það í námssamfélag til dæmis innan framhaldsskóla í Reykjavík eða sviðs í háskóla. Fólk þarf að fara út úr skrifstofunum og vinna sem net en ekki eitt á stöðvum. Það þarf að nýta allan faglegan auð sem til staðar er innan samfélagsins til þess að efla persónulegan þroska og nám nemenda.

Í Morgunblaðinu þann 24. október 2013 var viðtal við nokkra íbúa á Höfn meðal annars Þorvarð Árnason, forstöðumann rannsóknarsetursins á Höfn í Hornafirði, og þar segir hann meðal annars um Nýheima: „Þarna hefur skapast sérstök og góð dýnamík, öll erum við að vinna að málum er varða framþróun samfélagsins hvert á sinn hátt og þarna hefur orðið til heilmikið þekkingarsamfélag“. Ég vil taka undir orð hans og óska Sveitarfélaginu Höfn í Hornafirði og íbúum þess alls góðs.

## Heimildaskrá

- Amundssen, N. E. (2003). *Active Engagement enhancing the career counseling process*. Richmond: Eragon Communications .
- Austurbrú. (2013). *Ársskýrsla PNA 2006*. Óútgefin gögn.
- Austurbrú. (2013). *Ársskýrsla PNA 2007*. Óútgefin gögn.
- Austurbrú. (2013). *Þróunarfélag Ausurlands*. Sótt 5. nóvember 2013 af [http://www.austur.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=15&Itemid=6&lang=is](http://www.austur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=15&Itemid=6&lang=is)
- Ayr, D., Jakobs, L.C. og Sörensen, C. (2010). *Introduction to research in education*. Belmont: Wadsworth.
- Bolam, R. Stoll og L. Greenwood, A. (2007). The involvement of the support staff in professional learning communities. Í Louis, K. og Stoll, L. (ritstjórar). *Professional learning communities: Divergence, depth and dilemmas*: Maidenhead: McGraw Hill/Open University Press.
- Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2005). Hvaða þættir ráða mestu um hvernig gengur að innleiða aðferðir við sjálfsmat í grunnskólum? *Tímarit um menntarannsóknir*, 2. árgangur bls. 25 – 40.
- Cedefop (2009). *European guidelines for validating non-formal in informal learning*. Luxemburg: Office for Official Publications of the European Communities.
- Collarbone, P. og West Brunham, J. (2008). *Understanding system leadership. Securing excellence and equity in education*. New York: Network continuum.
- Corey, G. (2001). *Theory and practice of counseling and psychotherapy*. Belmont: Wadsworth/Thomson Learning.
- Dilworth, J. S. (2010). *Evaluating the impacts of professional development. A mixed method study of adult education learning*. Óbirt doktorsritgerð: Capella University.
- Framhaldsskóli Austur Skaftafellssýslu. (2013). *Námsframboð*. Sótt 5. nóvember 2013 af [http://www.fas.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=977&Itemid=274](http://www.fas.is/index.php?option=com_content&task=view&id=977&Itemid=274)

- Eygló Illugadóttir. (2011). *Efnahagshrunið og skólastarf á Hornafirði, upplifun stjórnenda* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Fullan, M. (2001). *Leading in a culture of change: being effective in complex times*. San Fransisco: Jossey and Bass.
- Fullan, M. (2005). *Leadership and sustainability. System thinkers in action*. Thousand Oaks: Corwin Press.
- Fullan, M. (2007). *The new meaning of educational change* (4. útgáfa). New York: Teachers College Press.
- Fræðslumistöð atvinnulífsins. (2010). *Nám og þjáfun í almennum bóklegum greinum*. Sótt 5. nóvember 2013 af <http://www.frae.is/namsskrar>
- Gibson, R. L og Mitchell M.H. (2003). *Introduction to counseling and guidance*. New Jersey: Uppersaddle River.
- Halla Valgeirsdóttir. (2011). „Það verður einhver galdur“. *Þátttaka í fullorðinsfræðslu* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Hargreaves, A. (2005). Sustainable leadership. Í Davies, B. (ritstjóri). *The essentials of school leadership*. London: Paul Chapman.
- Higham R., Hopkins D. og Matthews P. (2009). *System leadership in practice*. Maidenhead: Open University Press.
- Hord, S. M. (2009). Professional learning communities. *Journal of Staff Development* 30 (1) 40-43,78.
- Hord, S. M og Sommers, W. A. (2008). *Leading professional learning communities. Voices from research and practice*. Thousand Oaks: Corwin press.
- Hrafnhildur Kjartansdóttir. (2010). „Ég ætla að klára þetta , það er málið“. *Brotthvarf nemenda se komnir eru vel á veg með að ljúka háskólanámi* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Hrafnhildur Kjartansdóttir, Kristjana Stella Blöndal og Sif Einarsdóttir. (2011). Bara ef maður hefði sett meiri kraft í þetta: Aðdragandi og afleiðingar síðbúins brotthvarfs úr háskólanámi. *Uppeldi og menntun*., 20 (2), 33-51.
- Hulda Karen Ólafsdóttir. (2012). *Brotthvarf og aftur í nám* (óúgfefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Ingvar Sigurgeirsson, Anna K. Sigurðardóttir, Börkur Hansen, Guðbjörg Aðalbergdóttir, Hafdís Ingvarsdóttir, Lilja M. Jónsdóttir, Ólafur H.

- Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigbórsson. (2005). *Ísjakinn færir ekki úr stað ef aðeins á að færa þann hluta sem sýnilegur er: um kenningar Michael Fullan*. Sótt 6. janúar 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2005/018/prent/index.htm>
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn: Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangans til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Kristín Aðalsteinsdóttir. (2013). *Lífsfylling. Nám á fullorðinsárum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Lichtman, M. (2010). *Qualitative research in education : A user's guide*. Los Angeles: SAGE.
- Louis, K. S. og Stoll, L. (2007). Professional learning communities: Elaborating new approaches. Í Louis, K. og Stoll, L. (ritstjórar). *Professional learning communities: Divergence, depth and dilemmas*. Maidenhead: McGraw Hill/Open University Press.
- Pricewaterhouse Coopers. (2007). *Independent study into school leadership RB818*, London: DfES.
- Rúnar Sigbórsson, Börkur Hansen, Jón B. Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (1999). *Aukin gæði náms: Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Senge, P. M. (1990). *The Fifth discipline fieldbook. Strategies and tools for building a learning organization*. New York: Doubleday.
- Senge, P., Combron-McCabe, N., Lucas, T., Smith, B., Dutton, J. og Kleiner, A. (2000). *Schools that learn. A fifth discipline fieldbook for educators, parents, and everyone who cares about education*. New York: Doubleday.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver-skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249 – 265). Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161-179). Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.

- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldarinnar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Margrét A. Markúsdóttir. (2010). *Hlúð að samskiptaþroska: Framfarir í skólastarfi*. Rannsóknar- og skólaþróunarverkefni 2009-2010. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Sólveig Kristinsdóttir. (2013). *“En halló ég hef bara alveg helling”, Upplifun starfsmanna fjármálfyrirtækja af raunfærnimati (óútgefin meistararitgerð)*: Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Sveitarfélagið Hornafjörður. (2013). *Nýheimar* Sótt 5.nóvember 2013 af <http://www.hornafjordur.is/frettir/nr/10211>.
- Tinto, V. (1997a). Classrooms communities *The Journal of Higher Education; Nov/Dec, 68*(6) bls. 599 – 623..
- Tinto, V. (1997b). Enhancing learning via community. *Thought and Action 1* (13), 53-58.
- Zahavi, D. (2008). *Fyrirbærafræði* (Björn Þorsteinsson þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

## Viðauki 1

Ágæti þátttakandi

Ég bið þig um að taka þátt í rannsókn sem ég er að vinna að í samstarfi við Nýheima og þær stofnanir þar sem koma að námi fyrir fullorðna. Markmiðið er að ræða við þig ásamt nokkrum öðrum sem horfið hafa frá námi á einhverjum tímapunkti en eru aftur komnir í nám og/eða hafa lokið því námi hjá einhverri af stofnunum Nýheima.

Viðtölin munu fara þannig fram að ég hitti þig og spyr spurninga um námið og ástæður þess að þú hættir námi á sínum tíma. Ég mun hljóðrita viðtalið og ég mun gæta fylsta trúnaðar. Allt sem kemur fram verður ekki hægt að rekja til þín. Þetta er meðal annars gert þannig að nafn þitt verður sett í dulkóðun, það er að segja gervinafn búið til í skýrslunni og ekki verða birtar upplýsingar sem eru auðraktar til einstaklinga. Upptökum verður síðan eytt að lokinni úrvinnslu þeirra.

Rannsókn þessi er mér mikils virði, ég er að ljúka meistaranámi við Háskóla Íslands á Menntavísindasviði í stjórnun menntastofnana. Ég er kennari og náms- og starfsráðgjafi að mennt og verður rannsóknin uppistaðan í meistararitgerð minni. Nýheimar munu nýta sér niðurstöður rannsóknarinnar til að fá hugmyndir um hvað mætti betur fara í skipulagi náms og í stuðningi við fullorðna námsmenn til að koma í veg fyrir brotthvarf úr námi og einnig til að nemendur sjái tilgang í að hefja aftur nám. Leiðbeinandi minn er Ólafur H. Jóhannsson lektor á Mennta-vísindasviði. Við heitum því bæði og þeir aðilar sem koma að rannsókninni að upplýsingar frá þér eða skoðanir verði ekki raktar til þín.

Rannsóknin á að nýtast bæði skólasamfélaginu hjá Nýheimum og námsmönnum, þannig að skipuleggjendur náms heyri hvað það er sem hjálpar nemendum að fóta sig aftur í námi og hvað það er sem kveikir áhuga á því framboði sem er til staðar hjá skólastofnunum. Það er von mín að rannsóknin geti haft áhrif á skipulag skólustarfs svo hægt sé að koma til móts við fleiri sem óska eftir að halda aftur í nám.

Þér er frjálst að hætta hvenær sem er í ferlinu og allt sem þú segir við mig verður farið með sem trúnaðarmál í skýrslunni.



## Viðauki 2

### Samþykkisyfirlýsing

Ég samþykki hér með að taka þátt í rannsókn Guðrúnar Þ. Björnsdóttur. Rannsóknin hefur það að meginmarkmiði að kanna upplifun nemenda sem stundað hafa nám hjá stofnunum Nýheima. Hvaða skoðun þeir hafa á framboði þar til náms og ráðgjafar? Ég samþykki að viðtalið sé hljóðritað og afritað til frekari rannsóknar gegn því að gögnum sé eytt að rannsókn lokinni. Mér hefur einnig verið kynnt að fullum trúnaði sé heitið og nafnleyndar gætt í hvívetna.

Staður:

Nafn:

## Viðauki 3

### Viðtalsrammi:

Hvaðan ertu ættuð /ættaður/ og hvar ólst þú upp?

Hvar laukst þú grunnskólanámi?

Hvað varð til þess að þú fórst aftur í nám?

Hvers vegna hættir þú í námi á sínum tíma?

Hvers vegna valdir þú menntastofnun hér í Nýheimum?

Hvernig var tekið á móti þér í Nýheimum (hér)?

Upplifðir þú hvatningu og stuðning?

Hvað með ráðgjöf ?

Hvernig var komið til móts við þarfir þínar?

a) persónulegar, t.d. tímasetningar, aðbúnaður, tækjakostur,

b) námslegar t.d. v. námslegrar stöðu, námserfiðleika s.s. lesblindu, ADHD, tölvufærni

c) annað

Hvernig upplifðirðu faglega þekkingu og færni kennaranna?

Fannst þér kennarar hafa áhuga á þínu námi og hvernig gekk hjá þér? -  
Hvernig lýsti það sér?

Fannst þér stjórnendur/starfsfólk hafa áhuga á þínu námi? - Hvernig lýsti það sér?

Fenguð þið (nemendur) tækifæri til að vinna saman? - Hvernig? - Hefðuð þið viljað vinna saman? Hvers vegna?

Heldur þú að það sé betra að vinna í hóp?

Varðstu var/vör við samvinnu milli kerfa í Nýheimum?

Hvernig lýsti það sér?

Vissir þú eitthvað um Nýheima áður en þú ákvaðst að fara í nám?

Vissir þú um framboð sem var í boði þar?

Eru upplýsingar um námið aðgengilegar?

Hefur skoðun þín eitthvað breyst á þessu tímabili? Hvernig?

Hvernig má bæta þjónustuna hér við menntastofnanir í Nýheimum?

Hvernig talar þú um NH við aðra?

Hvernig upplifir þú viðhorf annara til Nýheima?

Hefur þú á tilfinningunni að starfsfólk sem kemur að námi hjá Nýheimum vinni saman?

Ef já nefndu dæmi?

Hvaða áhrif hafa menntastofnanir Nýheima haft á tækifæri þín til frekari menntunar?

Annað sem þú vilt að komi fram?